



Grant Thornton

An instinct for growth™

Skýrsla Óháða Sérfræðingsins um fyrirhugaða
Áætlun um Yfirfærslu hluta líftryggingaviðskipta frá
Aviva Life & Pensions UK Ltd til Friends First Life
Assurance Company DAC.

Unnið af Tim Roff FIA

miðvikudagur, 30. janúar 2019 12:26:06

Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
2	Samantekt	6
3	Framvinda eftir Skýrsluna	9
4	Uppfærð áhrif Yfirfærslunnar á tryggingataka og endurtryggjendur	20
5	Skoðun samskiptaferla tryggingataka og móttekin andmæli og staðhæfingar	35
6	Samantekt á niðurstöðum	45

Viðaukar

A	Upplýsingar og skjöl sem farið var yfir og byggt á	46
B	Orðalisti	47

1 Inngangur

Bakgrunnur Áætlunarinnar

- 1.1 Aviva Life & Pensions UK Ltd („UKLAP“) er einkahlutafélag um váttryggingar skráð í Bretlandi („UK“). Áður þekkt með heitinu Norwich Union Life and Pensions Limited, en breytti heitinu í Aviva Life & Pensions UK Ltd þann 1. júní 2009 og er dótturfélag í 100% óbeinni eign Aviva plc.
- 1.2 UKLAP hefur selt líftryggingar og eftirlaunatryggingar á ýmsum svæðum Evrópska efnahagssvæðisins („EES“) svo sem Frakklandi, Belgíu, Þýskalandi Írlandi, Íslandi og Svíþjóð, bæði á grundvelli réttar um þjónustufrelsi og staðfesturéttar samkvæmt reglum Evrópusambandsins („ESB“) (réttur til þjónustufrelsis og staðfesturréttur eru almennt nefnd ESB vegabréfaréttindi („EU passporting rights“).
- 1.3 Friends First Life Assurance Company Designated Activity Company („FFLAC“) er einkahlutafélag skráð og staðsett á Írlandi og er dótturfélag í 100% eigu UKLAP. FFLAC fær nýja heitið Aviva Life & Pensions Ireland Designated Activity Company („ALPI DAC“) þann 29. mars 2019 eða þar um bil. Þar sem ég geri ráð fyrir þessari breytingu á heitinu mun ég í allri þessari skýrslu vísa til FFLAC sem ALPI DAC.
- 1.4 Þann 23. júní 2016 kaus Bretland að hætta í ESB. Búist er við að útganga Bretlands úr ESB („Brexit“) taki gildi 29. mars 2019. Fyrirséð er að vegna Brexit, kunni að fara svo að bresk váttryggingafélög, að UKLAP meðtöldu, verði ófær um að halda áfram að veita þjónustu vegna trygginga löglega, þar með talið að taka við iðgjöldum og greiða út kröfur, sem seldar eru samkvæmt ESB vegabréfaréttindum.
- 1.5 ALPI DAC vinnur nú að því að fá ESB vegabréfaréttindi á grundvelli þjónustufrelsis í Þýskalandi, Svíþjóð og á Íslandi og að setja á fót útibú í Belgíu og Frakklandi, til að því verði mögulegt að veita þjónustu vegna viðskipta frá þessum EES-ríkjum eftir Brexit. Ég á ekki von á að ALPI DAC verði í neinum vandræðum með að fá þessi ESB vegabréfaréttindi eða að stofna útibúin, þó þau hafi ekki fengist eða verið stofnuð þegar gengið var frá þessari Viðbótarskýrslu. Komi upp einhver vandkvæði mun ég láta Dómstólinn vita um þau fyrir Staðfestingarþinghaldið (Sanctions Hearing).
- 1.6 Af þeim sökum og sem undirbúningur fyrir Brexit, hyggst UKLAP færa viðskipti sem gerð voru samkvæmt ESB vegabréfaréttindum („Yfirfærsla trygginga“) til ALPI DAC („Áætlunin“). Þannig verður tryggt að Aviva Group geti haldið áfram að veita þjónustu vegna þessara trygginga löglega, án tillits til þess hvernig Brexit samningarnir fari. Áætlun um Yfirfærsla trygginga, eins og skilgreint er VII. Kafla laga um Fjármálaþjónustu og Markaði 2000 (Part VII, Financial Services and Markets Act 2000 („FSMA“), gerir kleift að færa öll eða hluta af viðskiptum með tryggingar yfir í annað fyrirtæki („VII. Kafla Yfirfærsla“). Yfirfærsla viðskipta UKLAP sem gerð voru samkvæmt ESB vegabréfaréttindunum verður gerð með Yfirfærsluferli VII. Kafla.

Tilgangur þessarar Viðbótarskýrslu

- 1.7 Ég tók saman fyrri skýrslu dagsetta 5. október 2018 („Skýrslan“) í hlutverki mínu sem Óháður Sérfræðingur, þar sem ég fjallaði um áhrifin af fyrirhugaðri Áætlun um færslu viðskipta með líftryggingar og eftirlaun, sem gerð voru í á ýmsum svæðum sem ekki eru á Bretlandi eða í EES, frá UKLAP yfir til ALPI DAC, á tryggingataka og aðra aðila sem þetta hefur áhrif á.
- 1.8 Tilgangur þessarar skýrslu („Viðbótarskýrsla“) er að veita Dómstólnum uppfært mat á líklegum áhrifum af fyrirhugaðri Áætlun og fjalla um hvort þær niðurstöður sem ég komst að í Skýrslu minni verði óbreyttar eða ekki, að teknu tilliti til nýjustu fjármálaupplýsinga um UKLAP og ALPI DAC sem mér hefur verið veittur aðgangur að. Ég hef einnig tekið tillit til annarra

mikilvægra og viðkomandi breytinga frá því Skýrslan var gerð, þar á meðal allar mótbárur sem borist hafa í tengslum við fyrirhugaða Áætlun.

- 1.9 Lesa þarf þessa Viðbótarskýrslu í samhengi við Skýrsluna. Til að koma í veg fyrir misskilning hafa öll hugtök sem notuð eru í þessari Viðbótarskýrslu sömu merkingu og skilgreiningu og í Skýrslunni og ef ekki er annað skilgreint í þessari Viðbótarskýrslu skulu öll hugtök með hástöfum hafa sömu merkingu og í Skýrslunni.
- 1.10 Viðbótarskýrslan verður tiltæk fyrir Dómstólinn og birt á sérstöku vefsetri (<https://transfer.aviva.com/life>) fyrir Dómsþinghaldið til staðfestingar Áætlunarinnar.

Viðskipti til Yfirfærslu samkvæmt Áætluninni

- 1.11 UKLAP hefur átt viðskipti á grundvelli Staðfesturéttar í gegnum útibú á Írlandi („Írsku Útibúið“), í Belgíu og Frakklandi og átt viðskipti á grundvelli Þjónustufrelsis í Þýskalandi, Svíþjóð og á Íslandi. Af þeim mun einungis Írsku Útibúið halda áfram að eiga ný viðskipti. Írsku Útibúið tekur til viðskipta sem færð voru frá Aviva Life & Pensions Ireland Ltd til UKLAP samkvæmt fyrir áætlun („Írsku Áætlunin“) þann 1. janúar 2015, viðskipti sem kölluðust CGNU Life og viðskipti sem gerð voru beint frá Írsku Útibúinu frá 1. janúar 2015.
- 1.12 Í þessari skýrslu hef ég flokkað yfirfærslu trygginga í þrjá megin undirflokkas:
 - Írsk hagnaðarviðskipti – öll hagnaðarviðskipti sem voru áður yfirfærð samkvæmt Írsku Áætluninni og öll hagnaðarviðskipti sem gerð hafa verið í gegnum Írsku Útibúið (að undanskildum CGNU Life viðskiptunum sem gerð voru á Írlandi);
 - Írsk viðskipti án hagnaðar – öll viðskipti án hagnaðar¹ sem voru áður yfirfærð samkvæmt Írsku Áætluninni og öll viðskipti án hagnaðar sem gerð hafa verið í gegnum Írsku Útibúið (að undanskildum CGNU Life viðskiptunum sem gerð voru á Írlandi);
 - OLAB – Overseas Life Assurance Business sem felur í sér öll viðskipti (með hagnaði og án) gerð í Frakklandi, Belgíu, Þýskalandi, á Íslandisem og í Svíþjóð og CGNU Life viðskipti gerð á Írlandi samkvæmt ESB vegabréfaréttindum. Þau viðskipti er nú í eftirfarandi UKLAP sjóðum: Non-Profit Sub Fund, New WPSF, Old WPSF, FP WPSF, FLAS WPSF og Belgian SF sjóðirnir.
- 1.13 Á sama tíma og Áætlunin gengur í gildi, verður settur fram nýr endurtryggingasamningur („Brexít endurtryggingin“) til að tryggja OLAB frá ALPI DAC til UKLAP. Í tengslum við þetta nýja skipulag endurtrygginga, mun ALPI DAC gera samning við UKLAP sem skilar ALPI DAC breytilegum veðrétti („Veðrétturinn“) yfir eignum UKLAP. Hér á eftir vísa ég til Áætlunarinnar ásamt Brexít endurtryggingunni og Veðréttarins sem „Yfirfærslan“.

Óháður sérfræðingur

- 1.14 Óháðum sérfræðingi er ætlað að búa til skýrslu um áætlunina svo Dómstólinn geti fjallað um hvort staðfesta eigi Áætlunina. Prudential Regulation Authority (PRA) hefur staðfest tilnefningu mína sem Óháðan Sérfræðing í samráði við Financial Conduct Authority (FCA)
- 1.15 Ég, Tim Roff, er Félagi í Institute and Faculty of Actuaries og hef meira en 30 ára reynslu af líftryggingageiranum. Ég er Meðeigandi í Grant Thornton og hef tilgreint hæfi mitt og skilríki í Skýrslunni.
- 1.16 Upplýsingar um umfang tilnefningar minnar, menntun og hæfi, takmarkanir á hlutverki mínu og skýringu á þeirri áherslu sem ég legg á upplýsingar er að finna í Skýrslunni. Þær

¹ Eins og í Skýrslunni, skulu í þessari Viðbótarskýrslu allar vísanir í viðskipti án hagnaðar túlkast þannig að þau taki einnig til einingatengdra viðskipta. Í tilvikum þar sem athugasemdir varða eingöngu einingatengd viðskipti, hef ég skýrt það í Viðbótarskýrslunni.

viðbótarupplýsingar sem ég hef stuðst við við samantekt þessarar Viðbótarskýrslu koma fram í Viðbæti A.

- 1.17 Óhæði mitt hefur verið skýrt í Skýrslunni og það er enn þannig að ég hef enga hagsmuni sem gætu raskað óhæði mínu eða getu til að fjalla um Yfirfærsluna.
- 1.18 Ég upplýsti Dómstólinn á Leiðbeininga-Dómþingi (Directions Hearing) þann 16. október 2018 um að UKLAP og Grant Thornton ættu í viðræðum um kostnað sem myndi falla á UKLAP vegna tafa þar sem Skýrslan mín teldist vera því sem næst endanleg samkvæmt þóknunum PRA og Grant Thornton.
- 1.19 Grant Thornton og UKLAP hafa nú leitt það má til lykta. Þar hefur náðst samkomulag um að UKLAP greiði Grant Thornton þóknun þess fyrir vinnu til Leiðbeininga-Dómþingsins eins og áætlað, auk þóknunar þess fyrir vinnu eftir það á tímagjaldi og Grant Thornton mun greiða UKLAP verulega upphæð og veita afslátt af þóknun sinni fyrir sérhver störf sem það kann að vinna fyrir Aviva á síðara tímabili.
- 1.20 Ég hef skoðað þessi mál vandlega og komist að þeirri niðurstöðu að þau raska ekki óhæði mínu við umfjöllun á Yfirfærslunni.
- 1.21 Ég upplýsti PRA og FCA um þetta samkomulag nýlega, skömmu eftir að því var náð. Hvorki PRA né FCA hafa fundið nokkuð athugasvert við óhæði mitt í tengslum við þessi málefni.

Leiðbeiningar um eftirlit og faglega þætti

- 1.22 Viðbótarskýrslan er tekin saman í samræmi við leiðbeiningar í 18. Kafla Umsjónarhandbókar (Supervision Manual) í handbók FCA um Reglur og Leiðbeiningar („Handbook of Rules and Guidance“) og Yfirlýsingu um Stefnu: nálgun PRA við Yfirfærslu tryggingaviðskipta („Statement of Policy“: the PRA's approach to insurance business transfers“). Ég hef einnig tekið tillit til leiðbeininga FCA um viðhorf FCA til endurskoðun VII. Kafla Yfirfærsla váttryggingaviðskipta (FG18/4: the FCA's approach to the review of Part VII insurance business transfers). Þar að auki tók ég tillit til draga greinargerðarinnar: Viðhorf FCA til VII. Kafla Yfirfærsla váttryggingaviðskipta þar sem tilgangurinn er eingöngu að draga úr tapi af að missa ESB vegabréfaréttinn í kjölfar Brexit („FCA approach to Part VII transfer of insurance business where the purpose is to purely mitigate the loss of passporting rights following Brexit“) sem var deilt áður með UKLAP.
- 1.23 FRC hefur gefið út staðla sem eiga við tiltekna gerð tryggingafræðilegrar vinnu. Ég tók saman þessa Skýrslu í þeim tilgangi að hún, ásamt vinnunni sem að baki liggur, myndu uppfylla kröfur Tryggingafræðilega Staðalsins „Technical Actuarial Standards TAS 100 (Principles for Technical Actuarial Work)“ og „TAS 200 (Insurance)“ um váttryggingar. Ég tel að þessi Viðbótarskýrsla og sú vinna mín sem að baki henni liggur geri það að öllu mikilvægu leyti.
- 1.24 Ég staðfesti að ég fylgdi einnig staðlinum fyrir tryggingafræðilega starfsemi, „Actuarial Practice Standard X2: Review of Actuarial Work“ og hafði hliðsjón af staðli um skyldur og ábyrgð líftryggingafræðinga „APS L1: Duties and Responsibilities of Life Assurance Actuaries“ sem „Institute and Faculty of Actuaries“ gaf út.

Skyldur við Dómstólinn

- 1.25 Ég staðfesti að mér eru ljósar kröfur 35. Kafla Reglna um Einkamál (Part 35 of the Civil Procedure Rules) og viðkomandi Leiðbeiningar um Réttarframkvæmd, ásamt Leiðbeiningum (Guidance) fyrir Fyrirmæli til handa Sérfræðingum í Einkaréttarkröfum (Instruction of Experts in Civil Claims).

- 1.26 Í umfjöllun minni um Áætlunina sem Óháður Sérfræðingur, er mér ljóst að ég er skuldbundinn Dómstólnum til að aðstoða við málefni sem eru á mínu sérfræðisviði. Sú skylda gengur framur sérhverri skuldbindingu við UKLAP eða ALPI DAC. Ég staðfesti að ég hef uppfyllt þá skyldu.

Yfirlýsing um sannleika

- 1.27 Ég staðfesti að ég hef upplýst hvaða staðreyndir og málefni sem vísað er til í þessari Viðbótarskýrslu eru hluti af vitneskju minni og hver eru það ekki. Þau sem eru hluti af vitneskju minni staðfesti ég að eru sönn. Þær skoðanir sem ég hef látið í ljós eru réttar og heildstæðar faglegar skoðanir mínar á þeim málefnum sem þær vísa til.
- 1.28 Þessa Viðbótarskýrslu las yfir samstarfsmaður minn, tryggingafræðingur hjá Grant Thornton, Simon Perry, sem er með rúmlega 20 ára reynslu í líftryggingageiranum og sérhæfir sig í að fara yfir váttryggingaviðskipti, þar með talið sem ritrýnir.
- 1.29 Að lokum hafa UKLAP og ALPI DAC séð Viðbótarskýrslu mína og eru báðir aðilar sammála að um að hún sé rétt að því er varðar alla staðreyndaþætti Yfirfærslunnar.

Megin áhrifaþættir á framgang

- 1.30 Við gerð þessarar Viðbótarskýrslu hef ég gert ráð fyrir því að ýmis verk gerast fyrir eða samtímis gildistímanum. Ef þeim verkum lýkur ekki fyrir eða samtímis gildistímanum kynnu niðurstöðurnar í þessari Viðbótarskýrslu að vera ógildar. Til samræmis við það lít ég svo á að þau verk séu megin áhrifaþættir á framgang. Áhrifaþættirnir eru þessir:
- ALPI DAC tekst að fá nauðsynlega heimild fyrir ESB vegabréfarétt fyrir öll ESB ríki sem nauðsynleg eru. Eins og fram kemur í kafla 3.38 vinnur ALPI DAC nú að því að fá ESB vegabréfaréttindi á grundvelli Þjónustufrelsis í Þýskalandi, Svíþjóð og á Íslandi og að stofna útibú í Belgíu og Frakklandi;
 - UKLAP og ALPI DAC gerast aðilar að Brexit endurtryggingunni (Brexit Reinsurance) (eins og krafist er í Áætluninni);
 - UKLAP veitir ALPI DAC veðréttinn (eins og krafist er í Áætluninni); og
 - CBI gefur út gjaldþolsvottorð fyrir ALPI DAC til PRA. Eins og tilgreint er í kafla 3.66 er CBI að undirbúa gjaldþolsvottorð fyrir ALPI DAC til að leggja fyrir PRA.

2 Samantekt

- 2.1 Eins og lýst er í kafla 1.8, er tilgangur Viðbótarskýrslunnar að leggja Dómstólnum til uppfært mat á líklegum áhrifum af fyrirhugaðri Áætlun, þegar tekið er tillit til nýjustu fjárhagsupplýsinga um UKLAP og ALPI DAC og sérhver önnur framvinda sem ekki er fjárhagsleg frá því Skýrslan var gefin út. Ég tek einnig til athugunar sérhver andmæli sem bárust í tengslum við Yfirfærsluna. Í þessum hluta dreg ég saman framvinduna, lýsi hvort sú framvinda hafi breytti einhverjum niðurstaðna minna í Skýrslunni og dreg saman þau andmæli sem bárust.

Framvinda eftir Skýrsluna

Nýjar upplýsingar um Brexit samningaviðræðurnar

- 2.2 Í hluta 3 legg ég fram nýjar upplýsingar um ýmis málefni sem varða Áætlunina, þar á meðal Brexit samningaviðræðurnar. Brexit samningaviðræðurnar standa enn yfir og hafa ekki enn veitt neina vissu um hvort breskir váttryggjendur muni geta veitt þjónustu eftir Brexit vegna trygginga sem voru seldar áður samkvæmt ESB vegabréfaréttindum. Því hefur UKLAP í hyggju að halda áfram með Yfirfærsluna.

Nýjar upplýsingar um missi FSCS verndar

- 2.3 Eins og lýst er í Skýrslunni, hefur UKLAP íhugað annað rekstrarfyrirkomulag sem beita mætti til að draga mögulega úr áhrifum þess að missa FSCS verndina fyrir þá Yfirfærslu-tryggingataka sem njóta verndar núna, og ég hef rætt þessa valkosti við UKLAP og lögfræðiráðgjafa þeirra. Engar uppfærslur hafa orðið á samningaviðræðunum um Brexit sem veita vissu um að nokkurt annarra rekstrarmódel myndu skila því að FSCS verndin haldist eftir Brexit fyrir Yfirfærslu-tryggingataka sem nú þegar hafa hana.
- 2.4 Ekki veita öll þessi önnur rekstrarmódel vissu fyrir því að FSCS vernd haldist eftir Brexit fyrir Yfirfærslu-tryggingataka sem nú njóta verndar. Sum myndu fela í sér viðbótarkostnað og flækjustig samanborið við þá nálgun sem UKLAP hefur kosið, og sum myndu ekki nást innan þess tíma sem er til stefnu. Að auki krefst ALPI DAC þess ekki að neitt annað rekstrarfyrirkomulag sinni daglegri starfsemi sinni. Það er mín skoðun að það sé afar mikilvægt að vera viss um að veita megi þjónustu vegna Yfirfærslu-trygginganna með löglegum hætti eftir Brexit og að yfirfærsla Yfirfærslu-trygginganna til ALPI DAC sé skynsamleg nálgun til að tryggja það. Þar sem ALPI DAC er ekki „hlutaðeigandi einstaklingur“ samkvæmt reglum PRA, tapast FSCS vernd fyrir þá Yfirfærslu-tryggingataka sem njóta nú verndar.
- 2.5 Auk þess veitir FSCS eingöngu vernd til tryggingataka eftir gjaldþrot eða vanefnd. Í ljósi þess að ALPI DAC er vel fjármagnað, gert að uppfylla kröfur Solvency II og því ALPI DAC SRA krefst þess að það haldi varasjóð umfram það sem krafist er af Solvency II, eru líkurnar á vanefnd eða gjaldþroti ALPI DAC að mínu áliti óverulegar og þær niðurstöður sem tilgreindar eru í Skýrslunni varðandi missi FSCS verndar hafa ekki breyst.

Uppfærðar fjármálaupplýsingar

- 2.6 Hluti 3 sýnir einnig uppfærðar fjármálaupplýsingar Skýrslunnar fyrir tímabilið 31. desember 2017 til 30. júní 2018. SCR hlutföllin, fyrir Yfirfærsluna, bæði fyrir UKLAP og ALPI DAC hafa hækkað lítillega á þessu tímabili. En áhrif Áætlunarinnar á SCR hlutföllin fyrir UKLAP og ALPI DAC myndu vera svipuð þeim sem tilgreind eru í Skýrslunni ef Áætlunin hefði átt sér tað 30. júní 2018.
- 2.7 Ég hef einnig fengið:
- nýlegri trúnaðarupplýsingar um fjármál, sem eru hluti af mánaðarlegum eftirlitspakka fyrir greiðsluhæfi í desember 2018, fyrir UKLAP og þær ásamt ársfjórðungslegri gjaldþolsstöðu ALPI DAC benda til þess að fjárhagsleg staða bæði UKLAP og ALPI DAC hafi ekki breytst verulega síðan 30. júní 2018; og

- uppfærð trúnaðardrög að Endurreisnaráætlun UKLAP 2018 og eigið áhættu- og gjaldþolsmat (ORSA) ALPI DAC fyrir 2018, sem sýna að bæði UKLAP og ALPI DAC búa yfir all nokkrum stjórnunarúrræðum sem nota má til að standa af sér slíkar sviðsmyndir og eru ekki tilefni til að hafa áhyggjur af gjaldþoli þeirra í framtíðinni. Líkt og rýni mín á ORSA sem hluti af vinnunni fyrir Skýrsluna, hef ég tekið tillit til umfangs og dýptar þeirrar greiningar sem er í ORSA og að hve miklu leyti lykiláhættuþættir hafa verið útsettir fyrir viðunandi breidd álags og sviðsmyndaprófa.

Uppfært yfirlit upplýsinga sem varða ekki fjármál

2.8 Ég set einnig in nýtt efni í hluta 3 um ýmis málefni sem varða ekki fjármál, svo sem:

- viðskiptin sem eru yfurfærð;
- lokaferli OLAB trygginganna;
- vegabréfaheimild fyrir ALPI DAC;
- breytingar á Áætluninni, Brexit endurtryggingunni og Veðinu;
- DISP greining reglufylgnisbils;
- fyrirkomulag stjórnunarhátt og áhættu;
- skattlagning váttryggingartaka;
- skattaundanþágur;
- aðgangur OLAB-tryggingataka að FOS;
- endurtrygging og lagalegar tilkynningar;
- stjórnun Írsku Viðskiptanna;
- tillögur að breytingum á reglugerðum CBI; og
- CBI Gjaldþolsvottorð.

2.9 Ekkert í þeirri framvindu málefna sem ekki varða fjárhag og tíunduð eru í hluta 3 breytir upprunalegri niðurstöðu minni sem tíunduð er í Skýrslunni.

Almenn niðurstaða um uppfærðar upplýsingar

2.10 Ekkert þeirrar framvindu sem fram hafa komið síðan Skýrslan var gefin út breyta þeim skoðunum sem ég lét í ljósi í Skýrslunni. Ég hef ekki komið auga á neina meiri háttar framvindu frá birtingu Skýrslunnar sem mun hafa áhrif Yfirlýsinganna eða skoðun mína á því hvort nokkrir Yfirlýsinga-tryggingatakar, Eftirstandandi Tryggingatakar UKLAP, Núverandi Tryggingatakar ALPI DAC eða endurtryggjendur Yfirlýsingaviðskiptanna verði fyrir verulega neikvæðum áhrifum af Áætluninni.

Uppfærð áhrif Yfirlýsingunnar á tryggingataka og endurtryggjendur

- 2.11 Skoðanir mínar eins og þær koma fram í Skýrslunni hafa ekkert breyst. Þegar á heildina er litið og tekið tillit til uppfærðra fjárhagslegra upplýsinga og þeirra sem ekki eru fjárhagslegar sem ég hef haft aðgang að, er það enn skoðun mín að framkvæmd fyrirhugaðrar Áætlunar, Brexit endurtryggingarinnar og Veðsins á Gildistímanum muni ekki hafa neikvæð áhrif á öryggi þeirra bóta eða væntinga til bóta í framtíðinni fyrir Yfirlýsinga-tryggingataka, Eftirstandandi Tryggingataka UKLAP, né Núverandi Tryggingataka ALPI DAC.
- 2.12 Það er einnig skoðun mín að Yfirlýsingunni muni ekki hafa nein veruleg áhrif á stjórnunar- eða þjónustustaðla til Yfirlýsinga-tryggingataka, Eftirstandandi Tryggingataka hjá UKLAP eða Núverandi Tryggingataka hjá ALPI DAC.
- 2.13 Ennfremur er ég enn sannfærður um að það séu ekki nein veruleg neikvæð áhrif á Yfirlýsinga-tryggingataka vegna þess að FSCS vernd fellur niður við Yfirlýsinguna.

- 2.14 Að lokum er það enn skoðun mín að Yfirfærslan muni ekki hafa nein verulega neikvæð áhrif neina ytri núverandi endurtryggjendur Yfirfærslutrygginganna.

Skoðun samskiptaferla tryggingataka og móttekin andmæli og staðhæfingar

- 2.15 Við málflutning á Leiðbeininga-dómþingi (Directions Hearing) 16. október 2018, samþykkti Dómurinn fyrirhugaðar áætlanir UKLAP og ALPI DAC um samskipti við tryggingataka í tengslum við Áætlunina. UKLAP og ALPI DAC hafa staðfest að þau hafi átt í samskiptum við tryggingataka að öllu mikilvægu leyti, samkvæmt Yfirlýsingum Vitna sem lögð voru fyrir Dómstólinn við Leiðbeiningarþinghaldið. Öllum ágreiningsefnum sem fundust við póstsendingarferlið hefur verið lýst í lið 5.6.
- 2.16 Ég hef farið yfir framgang samskiptaferlisins, þar með talið að teknu tilliti til allra 138 andmælanna sem fram komu fram til 6. janúar 2019 í hluta 5. Ég mun áfram fylgjast með öllum frekari andmælum sem berast eftir þessa dagsetningu og mun upplýsa Dómstólinn um það ef nýjan tón kveður við í þeim andmælum sem berast. Taka má andmælin saman í eftirfarandi flokka:

- missir FSCS verndar,
- fyrirfram gefnar niðurstöður Brexit samninga,
- áhyggjur af því að skipta um váttryggjanda,
- óháða sérfræðingnum;
- flutningur til fyrirtækis með aðsetur á Írlandi,
- Yfirfærslan ætti ekki að vera fullgild án samþykkis tryggingataka,
- skilja ekki Yfirfærsluna,
- orðalag í skýrslu Óháða Sérfræðingsins,
- árangur tryggingarinnar mun versna,
- flutningur gagna, og
- enginn rökstuðningur tilgreindur.

- 2.17 Tryggingatakar hafa ekki gert neinn ágreining sem ég hef ekki tekið tillit til við vinnu að Skýrslunni og því tel ég að engin ástæða sé til að breyta niðurstöðunum í Skýrslunni.

Samantekt á niðurstöðum

- 2.18 Ég staðfesti að almennt er ég sannfærður um að Yfirfærslan hafi ekki verulega neikvæð áhrif á Yfirfærslu-Tryggingataka, Eftirstandandi Tryggingataka UKLAP eða Núverandi Tryggingataka ALPI DAC. Þar að auki tel ég að Yfirfærslan hafi ekki veruleg neikvæð áhrif á endurtryggjendur Yfirfærslutrygginganna.

3 Framvinda eftir Skýrsluna

- 3.1 Í þessum hluta er lýst framvindu mála frá því Skýrslan var birt, þar með talið nýtt efni um Brexit samningaviðræðurnar, missi FSCS verndar og uppfærðar upplýsingar bæði fjárhagslegar og ekki fjárhagslegar sem mér hafa borist eftir að ég tók saman Skýrsluna. Allar uppfærðar fjárhagslegar upplýsingar voru teknar saman með upplýsingum frá 30. júní 2018 eða síðar. Ég set fram skoðun mína um það hvernig þessar uppfærðu upplýsingar hafa áhrif á niðurstöður mínar um áhrif Yfirfærslunnar á Yfirfærða Tryggingataka, Eftirstandandi Tryggingataka UKLAP, Núverandi Tryggingataka ALPI DAC og endurtryggjendur Yfirfærsluviðskiptanna í hluta 4.

Nýjar upplýsingar um Brexit samningaviðræðurnar

- 3.2 Við gerð Skýrslunnar stóðu Brexit samningaviðræðurnar enn yfir og óljóst er hvort bresk váttryggingafyrirtæki muni enn geta, þegar Brexit er yfirstaðið, veitt þjónustu vegna trygginga sem seldar voru samkvæmt ESB vegabréfaréttindum með löglegum hætti. Nánar tiltekið hafa engar breytingar orðið á því sviði sem almenningur hefur aðgang að sem gefa vissu um það hvort UKLAP geti áfram veita þjónustu vegna viðskipta sem heyra undir ESB vegabréfaréttindi eftir 29. mars 2019. Á þessu stigi, jafnvel þó fyrir lægju tillögur sem gerðu breskum váttryggjendum kleift að veita þjónustu vegna trygginga sem seldar eru undir ESB vegabréfaréttindum, myndu þær ekki ná að verða að lögum að fullu og því væri enn óvissa um lokaniðurstöðu Brexit. Enn er mögulegt að umbreytingartímabil verði samþykkt, sem geri UKLAP kleift að halda áfram að veita þjónustu vegna trygginga seldar með ESB vegabréfaréttindum í takmarkaðan tíma eftir 29. mars 2019. Það er þó óljóst hve langt umbreytingartímabilið kann að vera. Það er því skoðun mín að þörf sé á Áætluninni til að fullvissa Yfirfærslutryggingataka um að Aviva Group muni geta veitt þjónustu vegna trygginga þeirra lagalega eftir Brexit.

Nýjar upplýsingar um missi FSCS verndar

- 3.3 FSCS er lögboðinn „þrautavarasjóður“ í Bretlandi sem kemur til skjalanna þegar váttryggjandi getur ekki staðið að fullu við skuldbindingar sínar. FSCS ver tryggingataka komi til ógjaldfærni fyrirtækis í fjármálaþjónustu. Yfirfærðar Tryggingar sem falla núna undir FSCS vernd eru eftirfarandi:
- Írsk Viðskipti með sölu í gegnum Írsku útibú UKLAP (u.þ.b. 55.000² tryggingar); og
 - OLAB (183.118 tryggingar).
- 3.4 Sögulega hefur sá skilningur ríkt hjá UKLAP að öll Írsk Viðskipti sem ekki fara fram eru seld í gegnum írsku útibú UKLAP falli ekki undir FSCS. Svo verður áfram eftir Yfirfærsluna.
- 3.5 Í ráðgjafarskjali PRA „CP 26/18 – UK withdrawal from the EU: Changes to the PRA Rulebook and onshored Binding Technical Standards“ (dagsett október 2018), staðhæfði PRA að þegar breskur váttryggjandi færir váttryggingaskuldbindingar sínar yfir til váttryggjanda án breskrar heimildar, gera núverandi reglur PRA ráð fyrir að FSCS vernd gildi aðeins um athafnir eða athafnaleysi hins breska váttryggjanda sem upp kom fyrir Yfirfærsluna til „arftakans“. PRA lagði til að þessari stefnu sem fyrir er yrði ekki breytt að því gefnu að „arftakarnir“ séu ekki „hlutaðeigandi einstaklingar“ samkvæmt FSMA.
- 3.6 Ég hef rætt þá hluta CP26/18 sem varða FSCS vernd, í tengslum við þessa Yfirfærslu, við lögfræðilega ráðgjafa UKLAP. Lagalegir ráðgjafar UKLAP hafa veitt UKLAP lagalega ráðgjöf varðandi FSCS vernd og áhrif þessarar Yfirfærslu á slíka vernd fyrir Yfirfærslu-tryggingataka og útbúið minnisblað þar sem þessi ráðgjöf var tekin saman. Mér var sýnt þetta minnisblað og ég hef fengið tækifæri til að skoða það og ræða það við lagalegu ráðgjafana og átta mig á röksemdunum á bak við ráðgjöfina. Þar sem ég er ekki sérfróður í lögum hef ég, í því ferli að

² Reiknað út með því að nota hlutfall trygginga undir FSCS miðað við tryggingar utan FSCS þann 31. desember 2017.

komast að niðurstöðu varðandi tap á FSCS vernd fyrir þá Yfirfærslu-tryggingataka sem nú njóta FSCS verndar, haft í huga samtöl mín við lagalega ráðgjafa UKLAP og þau lagalegu ráð sem ég hef fengið varðandi efnið.

- 3.7 Ég tel ekki nauðsynlegt að leita eftir óháðri lagalegri ráðgjöf varðandi tap á FSCS vernd fyrir þá Yfirfærslu-tryggingataka sem nú njóta slíkrar verndar. Fyrir því eru eftirfarandi ástæður:
- Þegar ég myndaði mér skoðun á gildi FSCS hafði ég í huga túlkun mína á reglum FSCS sem tilgreindar eru í handbók PRA. Ég er þó ekki sérfróður um lög.
 - Það er niðurstaða greiningar minnar að það liggja nokkuð ljóst fyrir hvort Yfirfærslu-tryggingartakar muni njóta FSCS verndar í tengslum við athafnir eða athafnaleysi eftir gildistökudaginn og ég geri ekki ráð fyrir því að óháð lagaleg ráðgjöf myndi leiða til annarrar niðurstöðu, en hún myndi þó hafa í för með sér óþarfa aukakostnað.
 - Samtöl við lagalega ráðgjafa UKLAP og minnismiðinn sem þeir útbjuggu fyrir UKLAP varðand tap á FSCS vernd fyrir þá Yfirfærslu-tryggingataka sem nú njóta verndar koma heim og saman við það sem ég hef séð annars staðar í tengslum við sambærilega endurskipulagningu á fyrirtækjum. Þótt ég sé ekki sérfróður um lög hef ég haft í huga röksemdirnar á bak við minnismiðann og ráðgjöfina sem lagalegir ráðgjafar UKLAP veittu og þær koma heim og saman við minn eigin skilning, sem byggður er á 20 ára reynslu af ráðgjöf varðandi yfirtökur og endurskipulagningu, þ. á m. yfirfærslur á milli landa; og
 - að mínu mati er skynsamlegt að treysta á þessi samtöl og á minnismiðann sem lagalegir ráðgjafar UKLAP útbjuggu varðandi FSCS, þar sem um er að ræða virta lögfræðisgöfu sem hefur umtalsverða reynslu af tryggingareglugerðum, þ. á m. FSCS, Hluta VII yfirfærslum, þ. á m. yfirfærslum á milli landa, sem og af því að veita ráðgjöf í slíkum efnum.
- 3.8 Á grundvelli minnar eigin greiningar og þessara samtala hef ég komist að þeirri niðurstöðu að í kjölfar flutnings Yfirfærslu-tryggingartaka yfir til ALPI DAC (arftakinn) muni kröfur vegna athafna eða athafnaleysis UKLAP (sjá kafla 3.10) sem á sér stað fyrir Gildistímamann njóta verndar FSCS, jafnvel þó gjaldþrot váttryggjandans verði eftir Gildistímamann.
- 3.9 Með Áætluninni eru Yfirfærslu-tryggingarnar fluttar til ALPI DAC, sem er váttryggjandi með aðsetur á Írlandi. Þar sem ALPI DAC er ekki „hlutaðeigandi einstaklingur“ samkvæmt viðeigandi PRA reglum, og í samræmi við leiðbeiningarnar sem tilgreindar eru í lið 3.5, munu kröfur sem til komnar eru vegna athafna eða athafnaleysis UKLAP (sjá lið 3.10) sem eiga sér stað eftir Gildistímamann ekki lengur njóta verndar FSCS. Kröfur sem fram koma vegna athafna eða athafnaleysis ALPI DAC munu ekki njóta verndar FSCS, óháð því hvenær þær koma fram. Því hef ég komist að þeirri niðurstöðu að FSCS vernd fyrir Yfirfærslu-tryggingataka sem nú njóta verndar muni ekki gilda um neinar athafnir eða athafnaleysi af hálfu ALPI DAC (óháð því hvenær slíkt á sér stað), né heldur um athafnir eða athafnaleysi af hálfu UKLAP sem á sér stað eftir Gildistímamann (þ.m.t. á tímabilinu á milli Gildistímans og Brexit).
- 3.10 Í eftirfarandi töflu eru dæmi um athöfn eða athafnaleysi fyrir mismunandi tegundir trygginga:

Tegund tryggingar	Dæmi um athöfn og athafnaleysi
Vernd	Prang sem á sér stað fyrir Gildistímamann, stjórnunarmistök sem eiga sér stað fyrir Gildistímamann, réttmætar kröfur sem stafa frá andlát / banvænum sjúkdómi tryggingaka þar sem andlát / banvænn sjúkdómur á sér stað fyrir Gildistímamann.
Lífeyrir	Prang sem á sér stað fyrir Gildistímamann, stjórnunarmistök sem eiga sér stað fyrir Gildistímamann, réttmætar kröfur samkvæmt tryggingunni þar sem atvikið sem tryggt er á sér stað fyrir Gildistímamann.

Sparnaður / eftirlaun	Prang sem á sér stað fyrir Gildistímann, stjórnunarmistök sem eiga sér stað fyrir Gildistímann, réttmætar kröfur samkvæmt tryggingunni þar sem atvikið sem tryggt er á sér stað fyrir Gildistímann.
-----------------------	---

Önnur rekstrarmódel sem komu til skoðunar

- 3.11 Eins og tilgreint er í Skýrslunni og í liðum 2.3 og 2.4 hér að ofan, hefur UKLAP íhugað önnur rekstrarmódel sem beita mætti til að draga mögulega úr tapi FSCS vegna þeirra Yfirfærslu-tryggingataka sem verndin nær nú yfir. Í Skýrslunni fór ég yfir þessi rekstrarmódel og var sammála Aviva Group um að sum þeirra veiti ekki fullvissu fyrir því að hægt væri að viðhalda FSCS vernd eftir Brexit, sum myndu hafa í för með sér aukakostnað og -flækjustig, samanborið við þá leið sem UKLAP velur að fara, og að sum séu óframkvæmanleg innan tímarammans. Brexit samningaviðræðurnar hafa ekki leitt til neinnar frekari fullvissu um hvort annað rekstrarfyrirkomulag eða lausnir sem UKLAP hefur íhugað myndu leiða til þess að verndun FSCS yrði viðhaldið fyrir þá tryggingataka. Líkt og fram kemur í Skýrslunni er það enn fremur mjög mikilvægt að hafa fullvissu fyrir því að hægt verði að þjóna Yfirfærslu-tryggingum áfram eftir Brexit og skynsamleg leið til þess að svo megi verða er að flytja Yfirfærslu-tryggingarnar til ALPI DAC. ALPI DAC er tryggingafyrirtæki á Írlandi sem ekki er „hlutaðeigandi einstaklingur“ samkvæmt viðeigandi PRA reglum og þar af leiðandi tapast FSCS vernd vegna athafna eða athafnaleysis sem á sér stað eftir Gildistímann, fyrir þá Yfirfærslu-tryggingataka sem njóta nú verndar. Enn fremur, þar sem Yfirfærslan er til komin vegna Brexit frekar en vegna langtíma ákvarðanatöku UKLAP, er ekki nauðsynlegt fyrir UKLAP að beita þessum öðrum rekstrarmódelum til þess að ALPI DAC geti sinnt daglegum rekstri sínum.
- 3.12 Auk þess veitir FSCS eingöngu vernd til tryggingataka eftir gjaldþrot eða vanefnd. Í ljósi þess að ALPI DAC er skylt að uppfylla kröfur Solvency II og að SRA ALPI DAC krefst þess að ALPI DAC haldi varasjóð umfram það sem krafist er af Solvency II eru líkurnar á vanefndum eða gjaldþroti ALPI DAC að mínu mati óverulegar.

Uppfærðar fjármálaupplýsingar

Solvency II Pillar 1 efnahagsreikningur

- 3.13 UKLAP og and ALPI DAC hafa lagt fram uppfærðar fjárhagsupplýsingar frá og með 30. júní 2018. Nýjustu tiltæku fjárhagsupplýsingarnar í heild eru frá þessum degi.
- 3.14 Í eftirfarandi töflu koma fram áhrifin af Yfirfærslunni á niðurstöður Solvency II Pillar 1 fyrir UKLAP ef gengið er út frá því að Yfirfærslan hafi átt sér stað 31. desember 2017 (eins og fram kemur í Skýrslunni) og einnig er gengið út frá því að Yfirfærslan hafi átt sér stað 30. júní 2018.

£m	UKLAP			
	sunnudagur, 31. desember 2017		laugardagur, 30. júní 2018	
	Fyrir Yfirfærslu	Eftir Yfirfærslu	Fyrir Yfirfærslu	Eftir Yfirfærslu
Eignir samtals	307.464	300.911	305.505	298.943
Skuldir samtals	292.196	285.808	291.209	284.880
Eignir umfram skuldir	15.269	15.102	14.296	14.063
Eigið fé alls til að uppfylla SCR	14.154	14.084	13.081	12.919
SCR	9.321	9.206	8.506	8.361
SCR hlutfall	152%	153%	154%	155%

- 3.15 Frá því Skýrslan kom út er helsta ástæða lækkunar eigin fjár arðgreiðsla en á móti vógu góðar tekjur af viðskiptum sem fyrir eru, breytingar á forsendum um langlíf og hagstæðari efnahagslegar breytingar (aðallega áhættuálag skulda/ríkisskulda, vaxtastig og breytingar á hlutabréfamörkuðum). Lækkunin á SCR er tilkomin vegna margra þátta saman, þeirra á meðal breytinga á forsendum langlífis og efnahagslegra hreyfinga, en á móti því vóg að hluta nýtt álag í viðskiptum.
- 3.16 Ofangreindur árangur er meðal annars til kominn vegna eiginfjárframlags UKLAP til ALPI DAC. Hefði Yfirfærslan verið 30. júní 2018 hefði eiginfjárframlagið verið £136m, að teknu tilliti til endurtryggingarálagsins samkvæmt Brexit Endurtryggingunni. Eiginfjárframlagið tryggir að SCR hlutfall ALPI DAC veður jafnt 150% viðmiðinu eftir Yfirfærsluna.
- 3.17 Yfir allt sýnir taflan í lið 3.14 að engar verulegar breytingar hafa verið á SCR hlutfall UKLAP fyrir og eftir Yfirfærsluna frá því Skýrslan kom fram.
- 3.18 Í eftirfarandi töflu koma fram áhrifin af Yfirfærslunni á niðurstöður Solvency II Pillar 1 fyrir ALPI DAC ef gengið er út frá því að Yfirfærslan hafi átt sér stað 31. desember 2017 (eins og fram kemur í Skýrslunni) og einnig er gengið út frá því að Yfirfærslan hafi átt sér stað 30. júní 2018. Niðurstöður SCR hlutfallsins þann 30. júní 2018 fyrir Yfirfærsluna voru fengnar við sömu, stýrðu aðstæður og eiga við um árslokaskýrslur. Það felur í sér ferlið „framkvæma, athuga og endurskoða“ auk ytri endurskoðunar. Nokkrar málamyndabreytingar hafa verið gerðar á endurskoðuðum tölum frá 30. júní 2018 en þær eru ekki efnislegar. Málamyndaniðurstöður SCR hlutfalls eftir Yfirfærsluna voru fengnar við sömu stýrðu innri aðstæður en án ytri endurskoðunar. Ég hef farið yfir greiningu sem stemmir af stöðuna fyrir og eftir Yfirfærsluna og greiningu sem stemmir af stöðuna þann 31. desember 2017 og 30. júní 2018 og UKLAP hefur svarað spurningum mínum varðandi þær með fullnægjandi hætti. Niðurstöðurnar eru í samræmi við væntingar mínar miðað við hreyfingar á mörkuðum og viðskipti UKLAP og ALPI DAC á tímanum eftir niðurstöðurnar 31. desember 2017. Fyrir vikið er ég sáttur við þessar niðurstöður.

€m	ALPI DAC			
	sunnudagur, 31. desember 2017		laugardagur, 30. júní 2018	
	Fyrir Yfirfærslu	Eftir Yfirfærslu	Fyrir Yfirfærslu	Eftir Yfirfærslu
Eignir samtals	4.965	13.942	5.001	13.809
Skuldir samtals	4.709	13.241	4.752	13.107
Eignir umfram skuldir	256	702	249	702
Eigið fé alls til að uppfylla SCR	253	559	246	549
SCR	160	372	154	366
SCR hlutfall	158%	150%	159%	150%

- 3.19 Frá 31. desember 2017 voru helstu ástæður lækkunar eigin fjár ALPI DAC fyrir Yfirfærsluna €5m arðgreiðsla til fyrri eiganda þess, en það var hluti af lokafrágangi Breyttra Yfirráða og €4m framlag til réttindatengdra eftirlaunaáætlunar starfsfólks. Helstu áhrifin á SCR var €4m lækkun á SCR vegna Réttindatengdu Eftirlaunaáætlunar Starfsfólks.
- 3.20 Eins og tilgreint er í Skýrslunni, hyggst ALPI DAC óska eftir því að nota VA til að vernda Yfirfærsluviðskiptin, en VA beiðninni, að því er varðar Yfirfærslutryggingarnar, hefur verið frestað til 2019. Þar af leiðandi gera ofangreindar uppfærðar niðurstöður 30. júní 2018 ekki ráð fyrir VA fyrir Yfirfærsluviðskipti hjá ALPI DAC. Niðurstöðan miðað við 31. desember 2017

felur í sér VA fyrir Yfirfærsluviðskiptin og eins og fram kemur í Skýrslunni, lið 10.7, voru áhrifin af að beita VA þau að eigið fé jókst innan við £10m.

- 3.21 Einnig skal líta til þess að ofangreindar niðurstöður gera ráð fyrir eiginfjárframlagi frá UKLAP yfir til ALPI DAC. Hefði Yfirfærslan verið 30. júní 2018 hefði eiginfjárframlagið verið £136m, að teknu tilliti til endurtryggingarálagsins samkvæmt Brexit Endurtryggingunni. Eiginfjárframlag þetta er samkvæmt kröfu í Áætluninni og tryggir að ALPI DAC sé með SCR hlutfall jafnt 150% viðmiðinu.
- 3.22 Eins og fram kemur í töflunni hér að ofan verða SCR hlutföllin við eða yfir viðmiðið fyrir SCR, eða 150% fyrir og eftir Yfirfærsluna.
- 3.23 Heilt yfir litið er það mín skoðun að breytingarnar á SCR hlutfalli UKLAP og ALPI DAC frá 31. desember 2017 til 30. júní 2018, bæði fyrir og eftir Yfirfærsluna, verði óverulegar. Bæði UKLAP og ALPI DAC munu áfram standa við Gjaldþolsáhættuvilja sinn og vera með SCR hlutfall herra en 150% fyrir og eftir Yfirfærsluna.
- 3.24 Ég hef einnig fengið nýlegri trúnaðarupplýsingar um fjármál sem eru hluti af mánaðarlegum eftirlitspakka fyrir greiðsluhæfi UKLAP í desember 2018 og þær ásamt uppfærðri ársfjórðungslegri gjaldþolsstöðu ALPI DAC benda til þess að fjárhagsleg staða bæði UKLAP og ALPI DAC hafi ekki breytst verulega síðan 30. júní 2018. Það er skynsamlegt að reiða sig á þau verkfæri sem UKLAP og ALPI DAC hafa til að fylgjast með gjaldþoli í rauntíma. Þau hafa verið notuð um árabil og hafa reynst vel við að spá fyrir um raunverulegt gjaldþol. Enn fremur taka gjaldþolsáætlunirnar mið af réttum markaðsaðstæðum á hlutabréfamörkuðum, vöxtum og skuldabréfadreifingu (bond spreads) og endurspeglar áhrifin sem þessar aðstæður hafa á áhættu innan eignasafnsins. Niðurstöðurnar lúta hefðbundnum „gera, athuga og endurskoða“ ferlum sem til staðar eru innan fjármáladeilda UKLAP og ALPI DAC. Ég hef farið yfir niðurstöður þeirra fjármálaniðurstæðna sem nýrri eru og fengið tækifæri til að bera upp spurningar sem hefur verið svarað með fullnægjandi hætti.

Álags- og sviðsmyndaprófun

- 3.25 Niðurstöður álags og sviðsmyndaprófana koma fram í ORSA hjá UKLAP og ALPI DAC. Ég endurskoðaði ORSA 2017 fyrir UKLAP og 2018, bráðabirgða ORSA fyrir ALPI DAC sem við undirbúning Skýrslunnar, því slíkt er góð vísending um hvernig fyrirtæki muni standast neikvæð áhrif í framtíðinni. Niðurstöður mínar koma fram í Skýrslunni, í liðum 4.33 til 4.36 fyrir UKLAP og liðum 5.26 til 5.29 fyrir ALPI DAC. Niðurstæða mín er að bæði UKLAP og ALPI DAC búi yfir nokkrum stjórnunarúræðum sem grípa mætti til til að takast á við neikvæðar sviðsmyndir í framtíðinni.
- 3.26 Allt frá Skýrslunni hef ég fengið uppfærð drög af Endurreisnaráætlun UKLAP og ORSA fyrir ALPI DAC. Þar á meðal eru uppfærðar spár um SCR hlutfall og uppfærðar lýsingar á aðgerðum sem grípa mætti til annað hvort af UKLAP eða ALPI DAC til að ná gjaldþoli aftur við tilteknan neikvæðar sviðsmyndir. Þar kemur einnig fram að bæði UKLAP og ALPI DAC búa yfir úrvali stjórnunaraðgerða sem beita má til að standast slíkar sviðsmyndir og ekkert bendir til þess að hafa þurfi áhyggjur af greiðsluþoli UKLAP eða ALPI DAC í framtíðinni. Ég bendi á að engar breytingar hafa orðið á lánshæfismati UKLAP síðan Skýrslan var birt.

Áhrif ráðgefandi skjals CP13/18 frá PRA varðandi veðlán fyrir lausafjárúttekt (Equity Release Mortgage)

- 3.27 Í júlí 2018 birti PRA skjalið CP13/18, ráðgefandi skjal um mat á Veðlánnum fyrir Lausafjárúttekt (Equity Release Mortgage) og óskaði eftir því að fyrirtæki mætu þær eignir miðað við forsendur sem tilgreindar voru og reikna þannig áhrifin á gjaldþolsstöðu þeirra ef þeim tillögum væri hrint í framkvæmd. Ráðgjafartímabili CP13/18 lauk 30. september 2018 og í desember 2018 svaraði PRA viðbrögðunum sem bárust með PS31/18. Í PS31/18 er einnig að finna endanlega

eftirlitsyfirlýsingu „SS3/17 – Solvency II: Matching adjustment – illiquid assets and equity release mortgages“ sem tekur gildi 31. desember 2019. Það eru nokkur atriði sem tengjast SS3/17 sem PRA hyggst ráðleggja um snemma árs 2019.

- 3.28 UKLAP hefur metið áhrifin á grundvelli gildandi tillagna og bendir það til að tillögurnar muni ekki hafa áhrif á eigið fé UKLAP og muni leiða til hækkunar á SCR hlutfalli þess. Á grundvelli yfirferðar minnar á mati UKLAP tel ég að UKLAP sér fært um að standast þessi áhrif og uppfylla kröfur samkvæmt reglum ásamt því að vera við eða yfir SCR hlutfallinu eins og það er sett fram í SRA UKLAP.

Uppfært yfirlit upplýsinga sem varða ekki fjármál

- 3.29 Í síðasta hlutanum er gerð grein fyrir uppfærðum upplýsingum sem varða ekki fjármál og ég hef kynnt mér frá dagsetningu Skýrslunnar.

Viðskipti sem varða yfirfærð

- 3.30 Skipting Yfirfærsluviðskiptanna frá og með 31. desember 2017 og 30. júní 2018 er eftirfarandi::

Yfirfærslutryggingar	Tegund tryggingar	sunnudagur, 31. desember 2017		laugardagur, 30. júní 2018	
		Fjöldi trygginga	BEL (£m)	Fjöldi trygginga	BEL (£m)
Írsk hagnaðarviðskipti	Í hagnaðarskyni	8.644	731	8.462	703
Írsk Viðskipti án hagnaðar	Án hagnaðar	247.773	5.139	248.016	5.140
OLAB	Án hagnaðar og í hagnaðarskyni	205.861	1.155	183.118	956
Samtals		462.278	7.024	439.596	6.799

- 3.31 Eins og fram kemur í töflunni að ofan hefur heildarfjöldi Yfirfærslutrygginga miðað við 30. júní 2018 minnkað. Þetta er að miklu leyti vegna aðgerðar UKLAP, eftir að gengið var frá Skýrslunni og áður en hafist var handa við að senda til tryggingahafa, til að tryggja að allar Yfirfærslutryggingar væru réttar. Þannig stórfækkaði Yfirfærslutryggingum í FP WPSF. Skilgreining umfangs yfirfærsluviðskipta hefur ekki verið breytt en þessi aðgerð sýndi einnig að tilteknum vöruflokki hefði átt að sleppt þar sem hann var fyrir mistök látinn fylgja (eins og fram kemur í lið 5.6). Fjöldi Yfirfærslutrygginga minnkaði einnig lítillega vegna þess að tíminn leið, þar sem hluti Yfirfærsluviðskiptanna rennur út á milli 31. desember 2017 og 30. júní 2018.

- 3.32 Eins og fram kom í lið 3.31 hér fyrir ofan, hefur umfang yfirfærðra viðskipta ekki breyst síðan Skýrslan var gefin út. Eins og fram kemur í Skýrslunni eru yfirfærð viðskipti skilgreind sem allar tryggingar sem seldar eru á grundvelli Staðfesturéttar og allar tryggingar tryggingataka sem keyptu vöru sem beint var eingöngu að einstaklingum í ESB ríki. Ég tel að það séu u.p.b. 9.000 tryggingatakar í Svíþjóð og 10.000 tryggingatakar á Íslandi sem falla utan Yfirfærsluviðskipta þar sem þeir keyptu vöru sem beint var að einstaklingum í Bretlandi. Ég tel að þeir tryggingatakar uppfylla ekki skilgreindu viðmiðin um að teljast með yfirfærðum viðskiptum. Mér skilst á UKLAP að það sé staðráðið í að greiða samningsbundna skuldbindingu sína til þessara tryggingataka og mér skilst að UKLAP muni halda áfram að fylgjast með mögulegum viðbrögðum eftirlitsaðila ef þessar tryggingar eru ekki yfirfærðar.

Lokaferli OLAB trygginga

- 3.33 Í liðum 10.58 til 10.62 í Skýrslunni fjalla ég um lokaferli BEL fyrir OLAB í tengslum við mótaðilaáhættuna sem UKLAP veldur ALPI DAC vegna Brexit Endurtryggingarinnar. Frá því

að Skýrslan var birt hafa orðið nokkrar leiðréttingar á aðferðunum sem notaðar eru við útreikning lokaferlis með besta mati á skuldbindingum (BEL) fyrir OLAB-tryggingar, hefur það leitt til nokkura breytinga á lýsingu lokaferlisins.

- 3.34 Í lið 10.58 í Skýrslunni tók ég áður með töflu sem sýndi BEL fyrir OLAB sem hlutfall af skuldbindingum ALPI DAC, að meðtöldum og undanskildum nýjum viðskiptum. Hér fyrir neðan set ég þá töflu aftur fram með uppfærðum upplýsingum sem UKLAP hefur lagt mér til.

	2018	2019	2020	2021	2022
BEL fyrir OLAB (€m)	1.087	1.066	1.048	1.030	1.011
BEL fyrir ALPI DAC, að meðtöldum nýjum viðskiptum sem von er á (€m)	12.526	13.017	13.576	14.157	14.784
BEL fyrir OLAB sem hlutfall af heildar BEL fyrir ALPI DAC að meðtöldum nýjum viðskiptum sem von er á	9%	8%	8%	7%	7%
BEL fyrir ALPI DAC, að undanskildum nýjum viðskiptum (€m)	11.113	10.035	8.953	7.813	6.636
BEL fyrir OLAB sem hlutfalla af heildar BEL fyrir ALPI DAC að meðtöldum nýjum viðskiptum sem von er á	10%	11%	12%	13%	15%

- 3.35 Endurskoðuð lýsing lokaferlis OLAB bendir einnig til þess að á næstu 10 árum muni OLAB viðskipti dragast saman um u.þ.b. 20%, þannig að aðeins verði eftir þriðjungur OLAB trygginga árið 2039.
- 3.36 Þar af leiðandi, tek ég þó fram að leiðréttingar á þeim aðferðum sem notaðar eru við útreikning lýsingar lokaferlis OLAB skuldbindinganna sýna ólíka lýsingu lokaferlis, er það engu síður rétt að án nýrra viðskipta munu OLAB verða vaxandi hluti af viðskiptum ALPI DAC á næstu fimm árum, sem þýðir að gagnadilaáhætta ALPI DAC gagnvart UKLAP mun aukast hlutfallslega. Rétt er þó að benda á að ALPI DAC hefur ekki í hyggju að loka á ný viðskipti og þar af leiðandi er ekki búist við að þessi sviðsmynd muni eiga sér stað. Ef ALPI DAC tekur áfram við nýjum viðskiptum, eins og fyrirhugað er, mun ALPI DAC verða með hlutfallslega mikla útsetningu fyrir vanskilum mótaðila fyrstu árin, sem svo minnka og verður minni áhætta fyrir ALPI DAC. Þessu til viðbótar er ALPI DAC ljóst útsetning þess fyrir vanskilum mótaðila og hefur reynslu af að fylgjast með og stjórna þeirri áhættu frá degi til dags.
- 3.37 Á heldina litið tel ég áfram að hægt sé að stjórna útsetningu mótaðilans ALPI DAC fyrir UKLAP með viðunandi hætti og að hún muni ekki skapa verulega neikvæð áhrif á ALPI DAC.

Vegabréfaheimild fyrir ALPI DAC

- 3.38 ALPI DAC vinnur nú að því að fá ESB vegabréfaréttindi á grundvelli þjónustufrelsis í Þýskalandi, Svíþjóð og á Íslandi og að setja á fót útibú í Belgíu og Frakklandi, til að því verði mögulegt að veita þjónustu vegna viðskipta frá þessum EES-ríkjum eftir Brexit. Ég á ekki von á að ALPI DAC verði í neinum vandræðum með að fá þessi ESB vegabréfaréttindi eða að stofna útibúin, þó þau hafi ekki fengist þegar gengið var frá þessari Viðbótarskýrslu. Komi upp einhver vandkvæði mun ég láta Dómstólinn vita um þau fyrir Staðfestingarþinghaldið (Sanctions Hearing).

Breytingar á Áætluninni

- 3.39 Ég setti fram lýsingu á Áætlunni í 6. hluta Skýrslunnar. Eftir að Áætlunin var lögð fyrir Dómstólinn í Leiðbeininga-þinghaldinu 16. október 2018 hafa orðið tvær minni háttar breytingar. Fyrri breytingin fólst í því að tekin var út varan Senior Assistance / Thuishulp úr Schedule 1 Áætlunarinnar, þar sem taldar eru upp vörurnar sem yfirfæra á samkvæmt Áætluninni. Í seinni breytingunni fólst að eftirlaunaáætlun starfsmanna var bætt við Schedule 1.
- 3.40 Eins og lýst er í lið 3.31 hefur UKLAP tekið að sér þá aðgerð að ganga frá fjölda Yfirfærslutrygginga. Í þeirri aðgerð kom fram að varan Senior Assistance / Thuishulp er í rauninni ekki UKLAP vara og því ætti hún ekki að vera í Schedule 1 hluta Áætlunarinnar. Við póstvinnsluna kom einnig í ljós að varan eftirlaunaáætlun starfsmanna féll innan umfangs Yfirfærslunnar og því hefði Schedule 1 átt að vísa til þeirrar vöru. Þar sem þessa breytingar á Áætluninni voru til þess að leiðrétta villur en ekki til að breyta tilgangi eða skipulagi Áætlunarinnar tel ég að þessar breytingar eigi við.

Breytingar á Brexit Endurtryggingunni

- 3.41 Lýsingu á Brexit endurtryggingunni og veðinu er að finna í 9. hluta Skýrslunnar. Frá því að Leiðbeiningaþinghaldið fór fram hafa orðið tvær breytingar á Brexit Endurtryggingunni.
- 3.42 Í Brexit Endurtryggingunni kom fram netfang starfsmanns ALPI DAC sem er ekki lengur hjá fyrirtækinu og hefur það netfang verið uppfært. Þar sem þessi breyting breytir ekki tilgangi eða skipulagi Brexit Endurtryggingarinnar tel ég að hún sé ekki mikilvæg.
- 3.43 Eins og fram kemur í lið 9.50 í Skýrslunni er skilgreining Iðgjalda Trygginga sem Ekki eru Lengur Seldar (Back Book) í tengslum við tryggingar hjá Old WPSF og FP WPSF fyrir BEL auk framlags fyrir útgreiðslur Búsins í framtíðinni, þar sem tekið er tillit til sjálfbærar útgreiðslu Búsins á réttum tíma. Þessi skilgreining hefur verið uppfærð eftir að lokið var við Skýrsluna og Back Book iðgjöld í tengslum við tryggingar í Old WPSF og FP WPSF eru nú skilgreind innan Brexit endurtryggingarinnar með Besta Mati á Skuldbindingum (BEL) auk viðeigandi álagningar í samræmi við Solvency II og aðferðir Yfirfærslunnar sem eru í gildi á réttum tíma. Þess vegna er skilgreining Back Book iðgjalda fyrir tryggingar í gamla Old WPSF og FP WPSF nú þær sömu og fyrir allar aðrar OLAB tryggingar.
- 3.44 Back Book iðgjaldið sem ALPI DAC greiðir UKLAP er viðskiptalegur samningur á milli tveggja aðila. Því var það, þegar ég komst að niðurstöðu um hvort breytingin á skilgreiningu Back Book Iðgjalda væri mikilvæg eða ekki, að ég tók tillit til keðjuverkandi áhrifa sem þessi breytta skilgreining hefur á eiginfjárframlagið og slitaupphæðina.
- 3.45 Í Áætlunni er gert ráð fyrir að UKLAP leggi ALPI DAC til eiginfjárframlag sem dugi til að ALPI DAC sé með 150% SCR hlutfall strax eftir Gildistímann. Engu að síður eru eignirnar sem yfirfæra á samkvæmt Áætlunni og varða OLAB færðar jafngildar Back Book Iðgjöldunum. Því er það að eiginfjárframlagið og eignirnar í FP WPSF og Old WPSF verða ekki fyrir áhrifum af breytingunni á skilgreiningu Back Book Iðgjaldanna.
- 3.46 Við ákvörðun Slitaupphæðarinnar samkvæmt Brexit Endurtryggingunni er tekið tillit til, meðal annars, þeirra aðferða sem beitt er til að leiða út Back Book Iðgjöldin. Ég tel að þó fjarlægðar séu vísanir til útgreiðslna Búsins í framtíðinni vegna Back Book Iðgjalda, þegar kemur að tryggingum í Old WPSF og FP WPSF muni það ekki hafa neikvæð áhrif á ákvörðun Slitaupphæðinnar (Termination Amount) þar sem skilgreiningin á Slitaupphæðinni felur áfram í sér vísun í framlög til greiðslna Búsins í framtíðinni vegna trygginga í Old WPSF og FP WPSF.
- 3.47 Því tel ég að breytingarnar á skilgreiningum Back Book Iðgjaldanna hafi ekki neikvæð keðjuáhrif og þess vegna tel ég að þessi breyting á Brexit Endurtryggingunni sé ekki mikilvæg.

Breytingar á Veðinu

- 3.48 Engar breytingar hafa orðið á Veðinu frá því það var kynnt Dómstólum við Leiðbeiningaþinghaldið 16. október 2018.

DISP greining reglufylgnibils

- 3.49 ALPI DAC gerði greiningu til að bera saman það sem er líkt og það sem er ólíkt með ákvæðunum um lausn deilumála („DISP“) í FCA handbókinni eins og það á við um Umboðsmanns Fjármála (FOS) í Bretlandi, og hliðstæðar írskar reglur og lög um neytendavernd 2012 sem gilda um Umboðsmann Fjármagnsþjónustu og Lífeyrissjóða á Írlandi (FSPO). Nú þegar eru fyrir ákvæði í Áætluninni þar sem krafist er að ALPI DAC fari að kröfum í viðkomandi ákvæðum til lausnar deilumálum (DISP) þegar fjallað er um kvartanir tryggingataka sem varða athafnir eða athafnaleysi UKLAP sem áttu sér stað fyrir Gildistímann og var vísað til FOS fyrir Gildistímann. Ég hef séð niðurstöður endurskoðunar þessara ákvæða til lausnar deilumálum og hef rætt það við UKLAP. Niðurstöður þessarar endurskoðunar ákvæðanna til lausnar deilumála bentu ekki til þess að neinn mikilvægur munur væri á milli ákvæðanna og samsvarandi írsk regluverks sem myndi grafa undan kröfu Áætlunarinnar um að ALPI DAC uppfylli kröfur ákvæðanna í tengslum við kvartanir sem vísað til FOS vegna athafna eða athafnaleysis UKLAP fyrir Gildistímann.

Fyrirkomulag stjórnunarháttá og áhættu

- 3.50 Eins og fram kemur í Skýrslunni verður gengið frá fyrirkomulagi stjórnunarháttá og áhættu fyrir ALPI DAC sem hluti af samþættingarferli ALPI DAC inn í Aviva Group. Mér hefur verið tjáð að engar breytingar hafi verið gerðar á fyrirhuguðu fyrirkomulagi stjórnunarháttá og áhættu hjá ALPI DAC frá því sem tilgreint er í Skýrslunni.
- 3.51 ALPI DAC mun halda áfram að samræma ferli stjórnunarháttá sinna við Aviva. Samtímis því að flestar nefndir sem máli skipta höfðu þegar verið skipaðar fyrir Skýrsluna, hefur ALPI DAC eftir það byrjað að stofna nefnd um Háttsemi og Viðskiptavini (Conduct and Customer Committee) sem verður stjórn ALPI DAC til aðstoðar við að líta eftir öllum málefnum er varða háttsemisáhættu.
- 3.52 Þann 1. janúar 2019 hafði UKLAP gert fáeinar minniháttar hversdagslegar breytingar í tengslum við aðlögunarnálgunin og fjárfestingarstýringu sem lýst er í PPFM fyrir írsku WPSF og þær breytingar munu einnig verða gerðar í þeim PPFM sem gilda um írsku WPF ALPI. Breytingarnar á aðlögunarnálguninni skýra hvernig grunnreglum aðlögunar er hrint í framkvæmt. Breytingarnar á fjárfestingarstýringunni skýra nálgunina við að endurskoða fjárfestingaaætlunina og einnig þarf að gera breytingu til að endurspeglja þá staðreynd að írski WPSF á engar efnislegar eignir lengur. WPC og WPA hafa rætt um og samþykkt þessar breytingar.

Skattlagning tryggingataka

- 3.53 UKLAP hefur átt í viðræðum til skattayfirvöld á Írlandi varðandi skattlagningu Yfirfærslu-tryggingataka í framtíðinni. Þessar viðræður hafa staðfest að skattaleg staða Yfirfærslu-tryggingataka verður óbreytt vegna Áætlunarinnar.

Skattaundanþágur

- 3.54 Frá því Skýrslan var birt hefur UKLAP leitað leyfa og staðfestingar frá viðkomandi skattayfirvöldum í Bretlandi og á Írlandi varðandi álagningu fyrirtækjaskatts á Yfirfærsluviðskipti. UKLAP hefur fengið nauðsynleg leyfi frá breskum skattayfirvöldum. UKLAP á nú í viðræðum við írsk skattayfirvöld, en þegar verið var að ganga frá þessari Viðbótarskýrslu hafði heimild vegna fjármagnstekjuskatts ekki fengist. Búist er við að það fái fljótlega og ef svo ólíklega vill til að það fái ekki, munu hluthafar UKLAP taka þau áhrif á sig hver sem þau verða og þannig hefði það ekki áhrif á Yfirfærslu-tryggingataka eða Eftirstandandi Tryggingataka.

- 3.55 Vegna breytinga á belgískum skattareglum mun UKLAP skulda u.þ.b. €300k skattaálögu fyrir að flytja belgísk viðskipti vegna Áætlunarinnar. Hluthafar UKLAP munu taka á sig þá álögu og mun hún ekki hafa áhrif á Yfirfærslu-tryggingataka.

Aðgangur OLAB-tryggingataka að FOS

- 3.56 Eftir að Skýrslan var gerð hefur verið staðfest að komi til þess að OLAB-tryggingataki sé með kvörtun vegna þess hvernig UKLAP sinnir eftirlitsstarfsemi sinni eftir Gildistíma Áætlunarinnar mun sá geta borið kvörtunina upp við FOS.

Endurtrygging og lagalegar tilkynningar

- 3.57 Engum endurtryggingum er til að dreifa fyrir Írsk Hagnaðarviðskipti.
- 3.58 Hvað varðar Írsku Viðskiptin án hagnaðar er UKLAP að upplýsa viðkomandi innri og ytri endurtryggjendur um Áætlunina. Ég býst ekki við því að neinn endurtryggjandi muni mótmæla því að UKLAP taki við ALPI DAC sem endurtryggjanda. Ef einhver þessara endurtryggjanda mótmælir mun ég mun ég láta Dómstólinn vita um þau fyrir Staðfestingarþinghaldið.
- 3.59 Eitt fyrirkomulagið fyrir ytri endurtryggingu tekur bæði til Írsku Viðskiptanna án hagnaðar og Eftirstandandi Tryggingataka UKLAP. Að því er varðar þennan sáttmála, er ALPI DAC að því að koma á viðbótarsamningi við endurtryggjandann, þar sem endurtryggjandinn undirgengst að endurtryggja Írsku Viðskiptin beint með ALPI DAC en veita áfram vernd Eftirstandandi Tryggingatökum UKLAP. Ég á ekki von á að nein ágreiningsmál komi upp við framkvæmd samningsins. Komi upp einhver vandkvæði mun ég láta Dómstólinn vita um þau fyrir Staðfestingarþinghaldið.
- 3.60 Þar að auki hafa allir ytri og innri endurtryggjendur sem sinna OLAB verið látnir vita af Áætluninni og UKLAP er nú að staðfesta þær ráðstafanir við endurtryggingar verði enn til staðar eftir Yfirfærsluna. Útbúin hafa verið breytingaafsöl (deeds of variation) fyrir núverandi fyrirkomulag og UKLAP er nú að ná samkomulagi um þau við viðkomandi endurtryggjendur. Ég á ekki von á að nein ágreiningsmál komi upp varðandi breytingaafsölin, en ef til þess kemur mun ég láta Dómstólinn vita um þau fyrir Staðfestingarþinghaldið.

Stjórnun Írsku Viðskiptanna

- 3.61 Nú sér ALSIL um umsýslu írsku trygginganna bæði þær sem eru í hagnaðarskyni og ekki í hagnaðarskyni. Eins og tilgreint er í liðum 8.20 og 8.23 í Skýrslunni, mun ALPI DAC sinna umsýslu Írsku Viðskiptanna eftir Yfirfærsluna.
- 3.62 Ráðagerðin um að sameina stjórnunarteymi, ferla og kerfi ALPI DAC og ALSIL með það að markmiði að beita nálguninni Besta frá Báðum, er í vinnslu. Frá því í október 2018 hefja yfirstjórnir ALSIL og ALPI DAC verið fluttar saman og nýju stjórnunarfyrirkomulag komið fyrir, þar sem stjórnendur bera ábyrgð á samsettu teymi starfsmanna ALPI DAC og ALSIL. ALPI DAC hefur einnig látið fara fram mat á eiginleikum stjórnunarkerfa ALSIL og ALPI DAC og ákveðið að stjórnunarkerfi ALPI DAC muni verða notað hér eftir. Flutningurinn mun eiga sér stað eftir Yfirfærsluna. Allar þessar breytingar verða gerðar samkvæmt nálguninni um Besta frá Báðum sem ég lýsti í Skýrslunni. Samþætting stjórnunarkerfanna með því að beita nálgun Besta frá Báðum tryggir að hægt verður að meðhöndla allar vörur með virkum hætti á einum vettvangi og hægt verður að viðhalda eða bæta þjónustustig fyrir viðskiptavini og miðlara.

Tillögur að breytingum á reglugerðum CBI

- 3.63 Eins og fram kemur í Skýrslunni gaf CBI út 22. júní 2018 skjalið „CP122 – Consultation on Changes to the Domestic Actuarial Regime and Related Governance Requirements under Solvency II“. Það ráðgjafarskjal leggur til frekari breytingar á tryggingarfræðilegu fyrirkomulagi á Írlandi sem varða stjórnunarhætti hagnaðardriffinna viðskipta og felur í sér viðbótar

stjórnunarferla fyrir rekstur sjóða sem reknir eru í hagnaðarskyni. Þessu er lýst í Skýrslunni í liðum 3.58 og 3.59. Frá því að Skýrslan kom út hefur CBI gefið til kynna að hann muni gera fáeinar minniháttar breytingar á kröfunni sem lýst er í CP122, þar á meðal breytingar á eftirfarandi kröfum sem ég undirstrikaði áður í Skýrslunni:

- fyrirtæki í (endur)tryggingum munu ekki lengur þurfa að senda ársskýrslu til hagnaðartryggingataka um reglufylgni sjóðsins við grunnreglur WPOP. Þess í stað þurfa þeir að gera slíka Skýrslu aðgengilega á vefsetri sínu og senda hana þeim tryggingatökum sem óska eftir pappírseintaki; og
- þess verður áfram krafist af HoAF að það upplýsi stjórnina um fylgni hagnaðarsjóða við grunnreglur WPOP, þó hefur krafan um að HoAF hafi bein samskipti við tryggingataka með hagnaði verið tekin út. Stjórnin mun þurfa að kynna sér upplýsingar HoAF og benda skýrt á allar undantekningar sem HoAF minnst á.

- 3.64 Þessar nýju kröfur munu gilda um Írsk Hagnaðarviðskipti frá Gildistímanum. Fyrirhugaðar reglugerðir styrkja þær sem fyrir eru á Írlandi og ALPI DAC hefur staðfest að það ætlar að fara að fullu eftir þessum nýju kröfum fyrir Írsku Hagnaðarviðskiptin. Í Skýrslunni komst ég að þeirri niðurstöðu að fyrirhugaðir stjórnunarhættir fyrir Írsku Hagnaðarviðskiptin hjá ALPI DAC fela ekki í sér mikilvæga veikingu stjórnunarháttanna sem fyrir eru og að, þar af leiðandi, eru engin verulega neikvæð áhrif á tryggingahafa Írsku Hagnaðarviðskiptanna. Uptaka kröfunnar sem fram kemur í CP122 myndi styrkja núverandi kerfi á Írlandi fyrir hagnaðarviðskipti og hefði ekki breytt niðurstöðu minni í Skýrslunni.
- 3.65 ALPI DAC ætlar að sækja um undanþágu frá þessum reglugerðum fyrir hagnaðarviðskiptin OLAB. Þess vegna, ef undanþágan fæst verða stjórnunarhættir hagnaðardrífina OLAB óbreyttir frá því sem lýst er í Skýrslunni, og þess vegna tel ég að stjórnunarhættir hagnaðardrífina OLAB trygginga verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum vegna Yfirfærslunnar þar sem þeir munu enn falla undir þá gerð stjórnunarháttanna sem nú eru hjá UKLAP og HoAF og stjórn ALPI DAC mun veita viðbótarefirlit. Ef beiðnin um undanþáguna nær ekki fram að ganga yrði nauðsynlegt fyrir ALPI DAC að hlíta CP122 að því er varðar hagnaðardrífna OLAB tryggingar. Að því gefnu að það fæli í sér að núverandi fyrirkomulag á Írlandi fyrir hagnaðarviðskipti yrði treyst í sessi, myndi niðurstaða mín sem tilgreind er í Skýrslunni eftir sem áður vera óbreytt.

CBI gjaldþolsvottorð

- 3.66 CBI hefur gefið út gjaldþolsvottorð fyrir ALPI DAC til PRA. Gjaldþolsvottorð staðfestir að váttryggjandi er með nægilegt svigrúm gjaldþols og hvort eftirlitsaðilinn sem gefur vottorðið út samþykkir Yfirfærsluna. Þessa er krafist samkvæmt FSMA reglum, til að staðfesta að ALPI DAC sé með nægilegt svigrúm gjaldþols og að CBI samþykki Yfirfærsluna.

4 Uppfærð áhrif Yfirfærslunnar á tryggingataka og endurtryggjendur

4.1 Í þessum hluta eru skoðuð áhrif uppfærðra upplýsinga, bæði fjárhagslegra og ekki fjárhagslegra, sem fram koma í kafla 3, um Yfirfærslu-tryggingataka, Eftirstandandi Tryggingataka hjá UKLAP, Núverandi Tryggingataka hjá ALPI DAC og ytri endurtryggjendur UKLAP eins og hér segir:

- Írsk Hagnaðarviðskipti, Yfirfærslu-tryggingatakar, liðir 4.2 til 4.30,
- Írsk Viðskipti án hagnaðar, Yfirfærslu-tryggingatakar, liðir 4.31 til 4.58,
- OLAB-Yfirfærslu-tryggingatakar, liðir 4.59 til 4.86,
- Eftirstandandi Tryggingatakar UKLAP, liðir 4.87 til 4.104,
- Núverandi Tryggingatakar ALPI DAC, liðir 4.105 til 4.124, og
- Ytri endurtryggjendur UKLAP, liðir 4.125 til 4.126.

Áhrif Yfirfærslunnar á Írsk Hagnaðarviðskipti

4.2 Í eftirfarandi köflum er skoðað hvort uppfærðar upplýsingar breyti einhverjum þeirra niðurstaðna sem koma fram í Skýrslunni varðandi Írsku Hagnaðarviðskipti.

Bótavæntingar og samningsbundin réttindi

4.3 Engar breytingar hafa orðið síðan Skýrslan var rituð í tengslum við bótavæntingar og samningsbundin réttindi Írskra Hagnaðarviðskipta vegna Yfirfærslunnar. Því eiga allar athugasemdir mínar í Skýrslunni þar um enn við og ég tel áfram að Yfirfærslan muni ekki hafa efnislega neikvæð áhrif á bótavæntingar og samningsbundin réttindi Írskra Hagnaðarviðskipta.

Bótaöryggi tryggingataka

4.4 Eins og fram kemur í liðum 3.14 og 3.18, miðað við 31. desember 2017, voru Írsku hagnaðarviðskiptin að færost frá því að vera fyrirtæki með SCR hlutfall 152% í það að vera fyrirtæki með SRC hlutfall 150%. Með sama hætti, miðað við 30. júní 2018, eru Írsku Hagnaðarviðskiptin að færost frá því að vera fyrirtæki með SCR hlutfall 154% í það að vera fyrirtæki með SCR hlutfall 150%.

4.5 Ég hef einnig fengið nýlegri trúnaðarupplýsingar um fjárhagsstöðu bæði UKLAP og ALPI DAC, eins og fram kemur í kafla 3.24, og benda þær til þess að SCR hlutföll fyrir bæði UKLAP og ALPI DAC hafi ekki breyst veruleg síðan 30. júní 2018. Þess vegna er staðan áfram sú að ekki er verið að færa Írsku hagnaðarviðskiptin yfir til tryggingaraðila sem er efnislega veikari en UKLAB út frá sjónarmiði um greiðslufærni.

4.6 Auk þess, eins og fram kemur í kafla 10.17 í Skýrslunni, er gert ráð fyrir að ALPI DAC verði áfram innan græna svæðis áhættuvilja í SRA þess, í meginframreikningi þess á næstu fimm árum og það hefur ekkert komið fram síðan Skýrslan var gerð sem hefur valdið því að SRA ALPI DAC hafi breyst verulega. Eins og fram kemur í Skýrslunni veitir SRA ALPI DAC svipaða áframhaldandi vernd til tryggingataka Írskra Hagnaðarviðskipta líkt og SRA UKLAP.

4.7 Ekkert hefur gerst síðan ég lagði fram Skýrsluna sem bendir til þess að áhættustaða annað hvort UKLAP eða ALPI DAC hafi breyst verulega.

4.8 Eins og fram kemur í lið 3.25 hér að ofan, hafa UKLAP og ALPI DAC framkvæmt ýmis álags- og sviðmyndapróf sem hluta af ORSA rannsóknnum sínum, sem ég skoðaði í aðdraganda Skýrslunnar. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu að bæði UKLAP og ALPI DAC eru með ýmsar stjórnunaraðgerðir til að taka á ýmsu neikvæðu álagi og sviðsmyndum.

4.9 Síðan Skýrslan var gerð hef ég skoðað Endurreisnaráætlun UKLAP og ALPI DAC ORSA og tel að bæði UKLAP og ALPI DAC séu með safn stjórnunaraðgerða sem þau gætu gripið til til þess að standast slíkar öfgakenndar sviðsmyndir og því er engin ástæða til að hafa áhyggjur af

Því. Þessi skjöl hafa að geyma uppfærðar álags- og sviðsmyndaprófanir. Ég tel að þau nái áfram til helstu áhættuþátta sem UKLAP og ALPI DAC standa frammi fyrir og að stjórnunaraðgerðir sem UKLAP og ALPI DAC hvert um sig geta notað til að hafa stjórn á sinni gjaldþolsstöðu séu viðeigandi.

- 4.10 Eins og fram kemur í lið 3.33 hafa verið gerðar nokkrar leiðréttingar á lokaferli (run-off plan) fyrir OLAB skuldbindingar. Ég hef skoðað þessar leiðréttingar og eins og fram kemur í lið 3.37 tel ég áfram að hægt sé að stjórna útsetningu mótaðilans ALPI DAC fyrir UKLAP með viðunandi hætti og að hún muni ekki skapa verulega neikvæð áhrif á ALPI DAC.
- 4.11 Á heildina litið, með tilliti til uppfærðra fjárhagsupplýsinga sem fram koma í kafla 3, tel ég áfram að Yfirfærslan muni ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á bótaöryggi fyrir tryggingataka Írskra Hagnaðarviðskipta.

Umboðsmaður

- 4.12 Eins og fram kemur í Skýrslunni, er staðan áfram sú að engar breytingar á vernd Umboðsmanns verða tiltækar Írskum hagnaðarviðskiptum vegna Yfirfærslunnar.

FSCS

- 4.13 Sögulega er það skilningur UKLAP að Írsk Hagnaðarviðskipti sem voru færð yfir til UKLAP samkvæmt Írsku Áætluninni falli ekki undir FSCS. Svo verður áfram eftir Yfirfærsluna. Ef það skyldi koma í ljós að Írsku hagnaðarviðskiptin sem flutt voru til UKLAP samkvæmt Írsku áætluninni njóti nú FSCS verndar mun sú vernd glatast við flutninginn þar sem ALPI DAC er ekki „hlutaðeigandi einstaklingur“ samkvæmt viðeigandi PRA reglum. Það myndi setja Yfirfærslutryggingarnar í sömu stöðu og Yfirfærð írsk hagnaðarviðskipti sem seld eru í gegnum Írsku útibú UKLAP, sem nýtur FSCS verndar sem stendur en mun tapa þeirri vernd við þessa Yfirfærslu (þó mun það halda FSCS vernd vegna krafna sem stafa frá athöfnum eða athafnaleysi af hálfu UKLAP fyrir Gildistímamann).
- 4.14 Írsk hagnaðarviðskipti sem gerð voru í gegnum Írsk Útibú UKLAP í kjölfar Írsku Áætlunarinnar falla nú undir FSCS.
- 4.15 Eins og útskýrt er í kafla 3.2 hér að ofan, hafa engar breytingar orðið á samningaviðræðum um Brexit sem gefa vissu um það hvort UKLAP geti áfram lögformlega veitt þjónustu vegna viðskipta sem heyra undir ESB vegabréfaréttindi („EU passporting rights“) eftir 29. mars 2019. Þess vegna hefur UKLAP enn í hyggju að halda áfram með Áætlunina til að hafa fullvissu um að áfram sé hægt að veita lögformlega þjónustu vegna Írskra hagnaðarviðskipta eftir Brexit. Í kjölfar Yfirfærslunnar munu þeir tryggingatakar Írskra hagnaðarviðskipta, sem nú falla undir FSCS eins og fram kemur í Skýrslunni, missa FSCS verndina.
- 4.16 Í Skýrslunni og í lið 3.11 hér fyrir ofan, hef ég skýrt að UKLAP hefur íhugað annað rekstrarfyrirkomulag sem hægt væri að taka upp til þess að mögulega lágmarka missinn á FSCS verndinni. Hins vegar, eins og fram kemur í lið 3.2, eru engar uppfærslur á samningaviðræðunum um Brexit sem veita vissu um að þær muni skila því að FSCS verndin haldist eftir Brexit. Þessi rekstrarmodel myndu valda auknum kostnaði og flækjustigi og eru ekki nauðsynleg til þess að ALPI DAC geti sinnt daglegri starfsemi sinni.
- 4.17 Þar af leiðandi er niðurstaða mín, varðandi missi á FSCS vernd fyrir tryggingataka Írskra Hagnaðarviðskipta sem nú falla undir verndina, óbreytt frá því sem fram kemur í Skýrslunni. Þeir tryggingatakar Írskra Hagnaðarviðskipta sem nú njóta FSCS verndar munu halda ávinningi FSCS verndar fyrir athafnir og athafnaleysi af hálfu UKLAP sem upp kemur fyrir Gildistímamann. Hins vegar mun FSCS vernd ekki eiga við um athafnir eða athafnaleysi af hálfu ALPI DAC (óháð því hvenær slíkt á sér stað) eða athafnir eða athafnaleysi af hálfu UKLAP sem á sér stað á milli Gildistímans og Brexit. Einnig mun FSCS verndin ekki gilda um athafnir eða athafnaleysi

sem upp á sér stað eftir Brexit. Á heildina litið tel ég áfram að það séu engin verulega neikvæð áhrif á vernd tryggingataka fyrir tryggingataka Írskra hagnaðarviðskipta vegna Yfirfærslunnar vegna þess að:

- það er álit mitt að fullvissan um að geta veitt þjónustu lögformlega vegna trygginga eftir Brexit er mikilvægari en tap á FSCS vernd, sem aðeins veitir vernd ef UKLAP verður gjaldþrota; og
- Solvency II skipulagið sem bæði UKLAP og ALPI DAC starfa samkvæmt, krefst þess að váttryggjendur viðhaldi eignum þannig að þeir geti lifað af öfgakennda atburði sem er gert ráð fyrir að komi aðeins fyrir á tvö hundruð ára fresti. SRA ALPI DAC krefst þess að ALPI DAC viðhaldi fjármagnsstöðu sem er umfram það sem krafist er samkvæmt Solvency II. Þess vegna er það mín skoðun að líkandi þess að ALPI DAC verði gjaldþrota sé lítil og því skiptir tap á FSCS verndinni ekki miklu.

Brexit Endurtrygging

- 4.18 Eins og fram kemur í Skýrslunni nær Brexit Endurtryggingin ekki til Írskra Hagnaðarviðskipta.

Stjórnunarhættir

- 4.19 Engar breytingar hafa orðið á áformuðum stjórnunarháttum Írskra Hagnaðarviðskipta frá því Skýrslan var gerð. Eins og fram kemur í lið 3.64, munu viðbótarreglur gilda frá Gildistímanum um hagnaðarviðskipti á Írlandi og hefur ALPI DAC staðfest að það hyggist uppfylla þessar kröfur að fullu að því er varðar Írsk hagnaðarviðskipti. Innleiðing þessara nýju krafna styrkir núverandi fyrirkomulag á Írlandi að því er varðar hagnaðarviðskipti.
- 4.20 Eins og fram kemur í lið 3.52, hafa verið gerðar smávægilegar breytingar á meginreglum og starfsvenjum við fjármálastjórnun („PPFM“) fyrir Írsk hagnaðarviðskipti. Þetta eru mest breytingar til skýringar og hafa ekki veruleg neikvæð áhrif á Írsk hagnaðarviðskipti.
- 4.21 Því er það áfram álit mitt að Yfirfærslan hafi ekki veruleg neikvæð áhrif á stjórnun Írskra hagnaðarviðskipta.

Ytri endurtrygging

- 4.22 Engar breytingar hafa orðið frá því að Skýrslan var rituð varðandi getu ALPI DAC til þess að gera nýjar endurtryggingaráðstafanir og breyta eða segja upp núverandi ráðstöfunum um endurtryggingu. Því er ég áfram þeirrar skoðunar að þetta hafi engin veruleg neikvæð áhrif á Írsk Hagnaðarviðskipti.

Skattar

- 4.23 Eins og fram kemur í liðum 3.53 og 3.54 hefur UKLAP átt í viðræðum við skattayfirvöld á Írlandi varðandi skattlagningu á Yfirfærslu-tryggingataka í framtíðinni og álagningu fyrirtækjaskatts á Yfirfærslu-tryggingataka. Þessar viðræður hafa staðfest að skattaleg staða Írsku Hagnaðarviðskiptanna verður óbreytt vegna Áætlunarinnar. UKLAP hefur fengið allar heimildir og staðfestingar varðandi tryggingatakanna frá viðkomandi skattayfirvöldum í Bretlandi og á Írlandi.
- 4.24 Á heildina litið er það áfram mín skoðun að skattaleg áhrif Yfirfærslunnar eru líklega engin í heild og að það verði engin verulega neikvæð áhrif á Írsku Hagnaðar-tryggingataka:

Kostnaður og gjöld

- 4.25 Eins og fram kemur í Skýrslunni verða engar breytingar á fyrirkomulagi kostnaðar og gjalda fyrir Írsk Hagnaðarviðskipti vegna Áætlunarinnar. Ef viðkomandi aðilar gera tillögu um breytingu eru skýrir stjórnunarferlar sem fara verður eftir til að gera breytinguna. Ferlarnir, fyrir og eftir Yfirfærsluna, eru ekki verulega ólíkir.

- 4.26 Eins og fram kemur í kafla 6 í Skýrslunni, krefst Yfirfærslan þessi einnig að ALPI DAC greiði einkvæman kostnað og gjöld sem til verða vegna Áætlunarinnar. Þessum kostnaði verður úthlutað til sjóðs hins fyrirtækisins eða til ALPI DAC hluthafasjóðsins.
- 4.27 Einnig, eins og fram kom í kafla 6 í Skýrslunni, mun viðbótar viðvarandi kostnaður vegna Áætlunarinnar falla á hluthafa UKLAP og ALPI DAC. Ef aukinn viðvarandi ALPI DAC kostnaður væri látinn falla á ALPI DAC tryggingataka í framtíðinni, myndu gjöldin heyra undir viðkomandi stjórnunarferla innan ALPI DAC, þar með talið endurskoðun af hálfu tryggingastjóra („HoAF“) og hagnaðarnefndar („WPC“).
- 4.28 Þar sem engar breytingar hafa orðið frá því að Skýrslan var gerð, er ég áfram þeirrar skoðunar að það verði engin veruleg neikvæð áhrif á gjöld á Írsk hagnaðarviðskipti af völdum Yfirfærslunnar.

Stjórnunar- og þjónustustaðlar

- 4.29 Eins og fram kemur í Skýrslunni og í lið 3.62 hér fyrir ofan, í framhaldi af Yfirfærslunni verður Írsku Hagnaðarviðskiptunum sem voru áður undir stjórn ALSIL, stjórnað af ALPI DAC. Nú er unnið eftir ráðagerð um að sameina stjórnunarteymi, ferla og kerfi ALPI DAC og ALSIL með það að markmiðið beita nálguninni Besta frá Báðum. Ég hef verið upplýstur um núverandi stöðu þessarar ráðagerðar sem sýnir að hún er í réttum farvegi. Auk þess tel ég að þeirri nálgun að taka það Besta frá Báðum sé gefið nægilegur gaumur til að tryggja að núverandi þjónustustig verði viðhaldið, í það minnsta. Þess vegna geri ég áfram ráð fyrir að Yfirfærslan muni ekki hafa neikvæð áhrif á þá þjónustustaðla sem tryggingatakar Írsku Hagnaðarviðskiptana hafa reynslu af.

Niðurstaða

- 4.30 Í stuttu máli breyta uppfærðar upplýsingar ekki niðurstöðum mínum í Skýrslunni varðandi Írsk hagnaðarviðskipti og ég tel enn að Yfirfærslan muni ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á Írsk hagnaðarviðskipti.

Áhrif Yfirfærslunnar á Írsk Hagnaðarviðskipti

- 4.31 Í eftirfarandi liðum er skoðað hvort uppfærðar upplýsingar breyti einhverjum þeirra niðurstaðna sem koma fram í Skýrslunni varðandi Írsk Hagnaðarviðskipti.

Bótavæntingar og samningsbundin réttindi

- 4.32 Engar breytingar hafa orðið vegna Yfirfærslunnar síðan Skýrslan var gerð í tengslum við bótavæntingar og samningsbundin réttindi Írskra Viðskipta án hagnaðar. Því eiga allar athugasemdir mínar í Skýrslunni þar um enn við og ég tel áfram að Yfirfærslan muni ekki hafa efnislega neikvæð áhrif á bótavæntingar og samningsbundin réttindi Írskra Viðskipta án hagnaðar.

Bótaöryggi tryggingataka

- 4.33 Eins og fram kemur í liðum 3.14 og 3.18, miðað við 31. desember 2017, voru Írsk Viðskipti án hagnaðar að færast frá því að vera viðskipti með SCR hlutfall 152% í það að vera viðskipti með SRC hlutfall 150%. Með sama hætti, miðað við 30. júní 2018, eru Írsk Viðskipti án hagnaðar að færast frá því að vera viðskipti með SCR hlutfall 154% í það að vera viðskipti með SCR hlutfall 150%.
- 4.34 Ég hef einnig fengið nýlegri trúnaðarupplýsingar um fjárhagsstöðu bæði UKLAP og ALPI DAC, eins og fram kemur í kafla 3.24, og benda þær til þess að SCR hlutföll fyrir bæði UKLAP og ALPI DAC hafi ekki breyst veruleg síðan 30. júní 2018. Þess vegna er staðan áfram sú að ekki er verið að færa Írsku Viðskiptin án hagnaðar yfir til tryggingaraðila sem er verulega veikari en UKLAB út frá sjónarmiði um greiðslufærni.

- 4.35 Auk þess, eins og fram kemur í kafla 10.17 í Skýrslunni, er gert ráð fyrir að ALPI DAC verði áfram innan græna svæðis áhættuvilja í SRA þess, í meginframreikningi þess á næstu fimm árum og það hefur ekkert komið fram síðan Skýrslan var gerð sem hefur valdið því að SRA ALPI DAC hafi breyst verulega. Eins og fram kemur í Skýrslunni gefur SRA ALPI DAC svipaða áframhaldandi vernd fyrir Írsku Viðskiptin án hagnaðar og SRA UKLAP.
- 4.36 Ekkert hefur gerst síðan ég lagði fram Skýrsluna sem bendir til þess að áhættustaða annað hvort UKLAP eða ALPI DAC hafi breyst verulega.
- 4.37 Eins og fram kemur í lið 3.25 hér að ofan, hafa UKLAP og ALPI DAC framkvæmt ýmis álags- og sviðmyndapróf sem hluta af ORSA rannsóknnum sínum, sem ég hef skoðað í aðdraganda Skýrslunnar. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu að bæði UKLAP og ALPI DAC eru með ýmsar stjórnunaraðgerðir til að taka á ýmsu neikvæðu álagi og sviðsmyndum.
- 4.38 Síðan Skýrslan var gerð hef ég skoðað Endurreisnaráætlun UKLAP og ALPI DAC ORSA og tel að bæði UKLAP og ALPI DAC séu með safn stjórnunaraðgerða sem þau gætu gripið til til þess að standast slíkar öfgakenndar sviðsmyndir og því er engin ástæða til að hafa áhyggjur af því. Þessi skjöl hafa að geyma uppfærðar álags- og sviðsmyndaprófanir. Ég tel að þau nái áfram til helstu áhættuþátta sem UKLAP og ALPI DAC standa frammi fyrir og að stjórnunaraðgerðir sem UKLAP og ALPI DAC hvert um sig geta notað til að hafa stjórn á sinni gjaldþolsstöðu séu viðeigandi.
- 4.39 Eins og fram kemur í lið 3.33 hafa verið gerðar nokkrar leiðréttingar á lokaferli (run-off plan) fyrir OLAB skuldbindingar. Ég hef skoðað þessar leiðréttingar og eins og fram kemur í lið 3.37 tel ég áfram að hægt sé að stjórna útsetningu mótaðilans ALPI DAC fyrir UKLAP með viðunandi hætti og að hún muni ekki skapa verulega neikvæð áhrif á ALPI DAC.
- 4.40 Á heildina litið, með tilliti til uppfærðra fjárhagsupplýsinga sem fram koma í lið 3, tel ég áfram að Yfirfærslan muni ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á bótaöryggi fyrir Írsk Viðskipti án hagnaðar.

Umboðsmaður

- 4.41 Eins og fram kemur í Skýrslunni, er staðan áfram sú að engar breytingar á vernd umboðsmanns verða tiltækar Írskum Viðskiptum án hagnaðar vegna Yfirfærslunnar.

FSCS

- 4.42 Sögulega er það skilningur UKLAP að Írsk Viðskipti án hagnaðar sem voru færð yfir til UKLAP samkvæmt Írsku Áætluninni falli ekki undir FSCS. Svo verður áfram eftir Yfirfærsluna. Ef það skyldi koma í ljós að Írsku hagnaðarviðskiptin sem flutt voru til UKLAP samkvæmt Írsku áætluninni njóti nú FSCS verndar mun sú vernd glatast við Yfirfærsluna þar sem ALPI DAC er ekki „hlutaðeigandi einstaklingur“ samkvæmt viðeigandi PRA reglum. Það myndi setja Yfirfærslutryggingarnar í sömu stöðu og Yfirfærð írsk hagnaðarviðskipti sem seld eru í gegnum Írsku útibú UKLAP, sem nýtur FSCS verndar sem stendur en mun tapa þeirri vernd við þessa Yfirfærslu (þó mun það halda FCSC vernd vegna athafna eða athafnaleysis af hálfu UKLAP fyrir Gildistímann).
- 4.43 Írsk Viðskipti án hagnaðar sem voru gerð í gegnum Írskt Útibú UKLAP í kjölfar Írsku Áætlunarinnar falla nú undir FSCS.
- 4.44 Eins og útskýrt er í kafla 3.2 hér að ofan, hafa engar breytingar orðið á samningaviðræðum um Brexit sem gefa vissu um það hvort UKLAP geti áfram lögformlega veitt þjónustu vegna viðskipta sem heyra undir ESB vegabréfaréttindi („EU passporting rights“) eftir 29. mars 2019. Þess vegna hefur UKLAP enn í hyggju að halda áfram með Áætlunina til að hafa fullvissu um að áfram sé hægt að veita þjónustu lögformlega við Írsk Viðskipti án hagnaðar eftir Brexit. Í

kjölfar Yfirfærslunnar munu þeir tryggingatakar Írskra Viðskipta án hagnaðar, sem nú falla undir FSCS eins og fram kemur í Skýrslunni, missa FSCS verndina.

- 4.45 Í Skýrslunni og í lið 3.11 hér fyrir ofan, hef ég skýrt að UKLAP hefur íhugað annað rekstrarfyrirkomulag sem hægt væri að taka upp til þess að mögulega lágmarka missinn á FSCS verndinni. Hins vegar, eins og fram kemur í lið 3.2, eru engar uppfærslur á samningaviðræðunum um Brexit sem veita vissu um að þær muni skila því að FSCS verndin haldist eftir Brexit. Þessi rekstrarmódel myndu valda auknum kostnaði og flækjustigi og eru ekki nauðsynleg til þess að ALPI DAC geti sinnt daglegri starfsemi sinni.
- 4.46 Þar af leiðandi er niðurstaða mín, varðandi missi FSCS verndar fyrir tryggingataka Írskra Viðskipta án hagnaðar sem nú njóta FSCS verndar, óbreytt frá því sem fram kemur í Skýrslunni. Þeir tryggingatakar Írskra Viðskipta án hagnaðar sem nú njóta FSCS verndar munu halda ávinningi FSCS verndar fyrir athafnir og athafnaleysi sem upp koma fyrir Gildistímamann. Hins vegar mun FSCS vernd ekki eiga við um athafnir eða athafnaleysi af hálfu ALPI DAC (óháð því hvenær slíkt á sér stað) eða athafnir eða athafnaleysi af hálfu UKLAP sem á sér stað á milli Gildistímans og Brexit. Einnig mun FSCS verndin ekki gilda um athafnir eða athafnaleysi sem upp á sér stað eftir Brexit. Á heildina titið tel ég áfram að það séu engin verulega neikvæð áhrif á vernd tryggingataka fyrir tryggingataka Írskra Viðskipta án hagnaðar vegna Yfirfærslunnar vegna þess að:
- það er álit mitt að fullvissan um að geta veitt þjónustu lögformlega vegna trygginga eftir Brexit er mikilvægari en tap á FSCS vernd, sem aðeins veitir vernd ef UKLAP verður gjaldþrota; og
 - Solvency II skipulagið sem bæði UKLAP og ALPI DAC starfa samkvæmt, krefst þess að váttryggjendur viðhaldi eignum þannig að þeir geti lifað af öfgakennda atburði sem er gert ráð fyrir að komi aðeins fyrir á tvö hundruð ára fresti. SRA ALPI DAC krefst þess að ALPI DAC viðhaldi fjármagnsstöðu sem er umfram það sem krafist er samkvæmt Solvency II. Þess vegna er það mín skoðun að líkindi þess að ALPI DAC verði gjaldþrota sé lítil og því skiptir tap á FSCS verndinni ekki miklu.

Brexit Endurtrygging

- 4.47 Eins og fram kemur í Skýrslunni nær Brexit endurtryggingin ekki til Írskra Viðskipta án hagnaðar.

Stjórnunarhættir

- 4.48 Engar breytingar hafa orðið á áformuðum stjórnunarferlum Írskra Viðskipta án hagnaðar síðan Skýrslan var gerð og því er það áfram álit mitt að Yfirfærslan hafi ekki veruleg neikvæð áhrif á stjórnun Írskra Viðskipta án hagnaðar.

Ytri endurtrygging

- 4.49 Engar breytingar hafa orðið frá því að Skýrslan var rituð varðandi getu ALPI DAC til þess að gera nýjar endurtryggingarádstafanir og breyta eða segja upp núverandi ráðstöfunum um endurtryggingu. Því er ég áfram þeirrar skoðunar að þetta hafi engin veruleg neikvæð áhrif á Írsk Viðskipti án hagnaðar.

Skattar

- 4.50 Eins og fram kemur í köflum 3.53 og 3.54 hefur UKLAP átt í viðræðum við skattayfirvöld á Írlandi varðandi skattlagningu á yfirfærða tryggingataka í framtíðinni. Þessar viðræður hafa staðfest að skattaleg staða Írsku Viðskiptanna án hagnaðar verður óbreytt vegna Áætlunarinnar. UKLAP hefur fengið allar heimildir og staðfestingar varðandi tryggingatakanna frá viðkomandi skattayfirvöldum í Bretlandi og á Írlandi.

- 4.51 Þannig er staðan sú að Áætlunin mun aðeins breyta því hvernig ávöxtun fjárfestinga einingasjóða, sem einingatengdum Írskum Viðskiptum eru úthlutað, er skattlögð. Eins og fram kemur í lið 12.35 í Skýrslunni, hef ég verið upplýst(ur) um að ávöxtun fjárfestinga fyrir einingatengd Írsk Viðskipti muni minnka um u.þ.b. 0,1% af núverandi ávöxtun. Ef til dæmis ávöxtun fjárfestingar er >3% á ári, myndi skattabreytingin sem lýst er hér að ofan minnka hana í u.þ.b. 2,997% á ári. $((1-0,1\%) * 3\%)$.
- 4.52 Á heildina litið er það mín skoðun að skattaleg áhrif Yfirfærslunnar eru líklega engin í heild, nema hvað varðar áhrif á skattlagningu ávöxtunar fjárfestinga sem lýst er hér að ofan, sem ég tel vera óhjákvæmilega afleiðingu Yfirfærslunnar og hefur ekkert vægi hvað varðar virði. Þar af leiðandi er það áfram mín skoðun að það verði engin veruleg neikvæð áhrif á Írsku Tryggingataka án hagnaðar út frá skattalegu sjónarmiði vegna Yfirfærslunnar.

Kostnaður og gjöld

- 4.53 Eins og fram kemur í Skýrslunni verða engar breytingar á fyrirkomulagi kostnaðar og gjalda fyrir Írsk Viðskipti án hagnaðar vegna Áætlunarinnar. Ef viðkomandi aðilar leggja til breytingu þar á skal fylgja skýrum stjórnunarferlum við innleiðingu hennar og eru þessir ferlar, fyrir og eftir Yfirfærsluna, verulega þeir sömu.
- 4.54 Eins og fram kemur í kafla 6 í Skýrslunni, krefst Yfirfærslan þessi einnig að ALPI DAC greiði einkvæman kostnað og gjöld sem til verða vegna Áætlunarinnar. Þessum kostnaði verður úthlutað til sjóðs hins fyrirtækisins eða til ALPI DAC hluthafasjóðsins.
- 4.55 Einnig, eins og fram kom í kafla 6 í Skýrslunni, mun viðbótar viðvarandi kostnaður vegna Áætlunarinnar falla á hluthafa UKLAP og ALPI DAC. Ef aukinn viðvarandi ALPI DAC kostnaður væri látinn falla á ALPI DAC tryggingataka í framtíðinni, myndu gjöldin heyra undir viðkomandi stjórnunarferla innan ALPI DAC.
- 4.56 Þar sem engar breytingar hafa orðið frá því að Skýrslan var gerð, er ég áfram þeirrar skoðunar að það verði engin veruleg neikvæð áhrif á gjöld á Írsk Viðskipti án hagnaðar af völdum Yfirfærslunnar.

Stjórnunar- og þjónustustaðlar

- 4.57 Eins og fram kemur í Skýrslunni og í lið 3.62 hér fyrir ofan, í framhaldi af Yfirfærslunni verður Írsku Viðskiptunum án hagnaðar sem voru áður undir stjórn ALSIL, stjórnað af ALPI DAC. Nú er unnið eftir ráðagerð um að sameina stjórnunarteymi, ferla og kerfi ALPI DAC og ALSIL með það að markmiðið beita nálguninni Besta frá Báðum. Ég hef verið upplýstur um núverandi stöðu þessarar ráðagerðar sem sýnir að hún er í réttum farvegi. Auk þess tel ég að þeirri nálgun að taka það Besta frá Báðum sé gefið nægilegur gaumur til að tryggja að núverandi þjónustustig verði viðhaldið, í það minnsta. Þess vegna geri ég áfram ekki ráð fyrir að Yfirfærslan muni hafa neikvæð áhrif á þá staðla sem tryggingatakar Írsku Viðskiptana án hagnaðar hafa reynslu af.

Niðurstaða

- 4.58 Í stuttu máli breyta uppfærðar upplýsingar ekki niðurstöðum mínum út frá Skýrslunni varðandi Írsk Viðskipti án hagnaðar og ég tel áfram að Yfirfærslan muni ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á Írsk Viðskipti án hagnaðar.

Áhrif Yfirfærslunnar á OLAB-tryggingataka

- 4.59 Í eftirfarandi liðum er skoðað hvort uppfærðar upplýsingar breyti einhverjum þeirra niðurstaðna sem koma fram í Skýrslunni varðandi OLAB-tryggingataka.

Bótavæntingar og samningsbundin réttindi

- 4.60 Engar breytingar hafa orðið síðan Skýrslan var rituð í tengslum við bótavæntingar og samningsbundin réttindi OLAB-tryggingataka vegna Yfirfærslunnar. Því eiga allar athugasemdir mínar í Skýrslunni þar um enn við og ég tel enn að Yfirfærslan muni ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á bótavæntingar og samningsbundin réttindi OLAB-tryggingataka.

Bótaöryggi tryggingataka

- 4.61 Eins og fram kemur í liðum 3.14 og 3.18, miðað við 31. desember 2017, var OLAB að færast frá því að vera fyrirtæki með SCR hlutfall 152% í það að vera fyrirtæki með SRC hlutfall 150%. Með sama hætti, miðað við 30. júní 2018, er OLAB að færast frá því að vera fyrirtæki með SCR hlutfall 154% í það að vera fyrirtæki með SCR hlutfall 150%.
- 4.62 Ég hef einnig fengið nýlegri trúnaðarupplýsingar um fjárhagsstöðu bæði UKLAP og ALPI DAC, eins og fram kemur í kafla 3.24, og benda þær til þess að SCR hlutföll fyrir bæði UKLAP og ALPI DAC hafi ekki breyst veruleg síðan 30. júní 2018. Þess vegna er staðan áfram sú að ekki er verið að færa OLAB yfir til tryggingaraðila sem er veruleg veikari en UKLAB út frá sjónarmiði um greiðsluþol.
- 4.63 Auk þess, eins og fram kemur í kafla 10.17 í Skýrslunni, er gert ráð fyrir að ALPI DAC verði áfram innan græna svæðis áhættuvilja eins og fram kemur í SRA þess, í meginframreikningi þess, á næstu fimm árum og það hefur ekkert komið fram síðan Skýrslan var gerð sem hefur orðið til þess að SRA ALPI DAC hafi breyst verulega. Eins og fram kemur í Skýrslunni gefur SRA ALPI DAC svipaða áframhaldandi vernd og OLAB líkt og SRA UKLAP.
- 4.64 Ekkert hefur gerst síðan ég lagði fram Skýrsluna sem bendir til þess að áhættustaða annað hvort UKLAP eða ALPI DAC hafi breyst verulega.
- 4.65 Eins og fram kemur í lið 3.25 hér að ofan, hafa UKLAP og ALPI DAC framkvæmt ýmis álags- og sviðmyndapróf sem hluta af ORSA rannsóknnum sínum, sem ég hef skoðað í aðdraganda Skýrslunnar. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu að bæði UKLAP og ALPI DAC eru með ýmsar stjórnunaraðgerðir til að taka á ýmsu neikvæðu álagi og sviðsmyndum.
- 4.66 Síðan Skýrslan var gerð hef ég skoðað Endurreisnaráætlun UKLAP og ALPI DAC ORSA og tel að bæði UKLAP og ALPI DAC séu með safn stjórnunaraðgerða sem þau gætu gripið til til þess að standast slíkar öfgakenndar sviðsmyndir og því er engin ástæða til að hafa áhyggjur af því. Þessi skjöl hafa að geyma uppfærðar álags- og sviðsmyndaprófanir. Ég tel að þau nái áfram til helstu áhættuþátta sem UKLAP og ALPI DAC standa frammi fyrir og að stjórnunaraðgerðir sem UKLAP og ALPI DAC hvert um sig geta notað til að hafa stjórn á sinni gjaldþolsstöðu séu viðeigandi.
- 4.67 Eins og fram kemur í lið 3.34 hafa verið gerðar nokkrar leiðréttingar á lokaferli (run-off plan) fyrir OLAB skuldbindingar. Ég hef skoðað þessar leiðréttingar og eins og fram kemur í lið 3.37 tel ég áfram að hægt sé að stjórna útsetningu mótaðilans ALPI DAC fyrir UKLAP með viðunandi hætti og að hún muni ekki skapa verulega neikvæð áhrif á ALPI DAC.
- 4.68 Á heildina litið, að teknu tilliti til uppfærðra fjárhagsupplýsinga sem fram koma í kafla 3, tel ég áfram að Yfirfærslan muni ekki hafa neikvæð áhrif á öryggi og ávinning fyrir OLAB-tryggingataka.

Umboðsmaður

- 4.69 Eins og skýrt er í Skýrslunni munu sumir OLAB-tryggingatakar missa aðgang að þjónustu FOS í Bretlandi í tengslum við málefni sem upp koma eftir Gildistímamann en munu þess í stað hafa aðgang að FSPO á Írlandi. Niðurstöðurnar sem ég kynni í Skýrslunni varðandi þetta eru

óbreyttar, þ.e. það er álit mitt að ekki er gert ráð fyrir að breytingarnar á aðgangi að þjónustu umboðsmanns fyrir suma OLAB-tryggingataka, vegna Yfirfærslunnar, hafi veruleg neikvæð áhrif á þessa tryggingataka.

- 4.70 Eins og fram kemur í lið 3.56, frá því að skýrslan var rituð, hefur verið staðfest að ef OLAB tryggingataka leggur fram kvörtun varðandi framkvæmd eftirlitsaðgerða UKLAP eftir gildistíma áætlunarinnar verður þeim kleift að leggja fram kvörtun sína hjá umboðsmanni fjármála.
- 4.71 Á heildina lítið er það áfram skoðun mín að OLAB-tryggingatakar verði ekki fyrir verulegum neikvæðum áhrifum af breytingum á umboðsmanni sem þeir hafa aðgang að eftir Yfirfærsluna.

FSCS

- 4.72 Allar OLAB tryggingar njóta FSCS verndar sem stendur.³
- 4.73 Eins og útskýrt er í kafla 3.2 hér að ofan, hafa engar breytingar orðið á samningaviðræðum um Brexit um hvort UKLAP geti áfram lögformlega veitt þjónustu vegna viðskipta sem heyra undir ESB vegabréfaréttindi („EU passporting rights“) eftir 29. mars 2019. Þess vegna hefur UKLAP enn í hyggju að halda áfram með Áætlunina til að hafa fullvissu um að áfram sé hægt að veita lögformlega þjónustu vegna OLAB tryggingar eftir Brexit. Vegna Yfirfærslunnar munu allir OLAB-tryggingatakar, eins og fram kemur í Skýrslunni, missa vernd FSCS.
- 4.74 Í Skýrslunni og í lið 3.11 hér fyrir ofan, hef ég skýrt að UKLAP hefur íhugað annað rekstrarfyrirkomulag sem hægt væri að taka upp til þess að mögulega lágmarka missinn á FSCS verndinni. Hins vegar, eins og fram kemur í lið 3.2, eru engar uppfærslur á samningaviðræðunum um Brexit sem veita vissu um að þær muni skila því að FSCS verndin haldist eftir Brexit. Þessi rekstrarmódel myndu valda auknum kostnaði og flækjustigi og eru ekki nauðsynleg til þess að ALPI DAC geti sinnt daglegri starfsemi sinni.
- 4.75 Þar af leiðandi er niðurstaða mín varðandi tap á FSCS vernd fyrir alla OLAB-tryggingataka óbreytt frá því sem fram kemur í Skýrslunni. Tryggingatakar OLAB munu halda þessari vernd varðandi athafnir eða athafnaleysi af hálfu UKLAP sem á sér stað fyrir Gildistímamann. Hins vegar mun FSCS vernd ekki eiga við um athafnir eða athafnaleysi af hálfu ALPI DAC (óháð því hvenær slíkt á sér stað) eða athafnir eða athafnaleysi af hálfu UKLAP sem á sér stað á milli Gildistímans og Brexit. Einnig mun FSCS verndin ekki gilda um athafnir eða athafnaleysi sem upp á sér stað eftir Brexit. Á heildina lítið tel ég áfram að það séu engin verulega neikvæð áhrif á vernd fyrir OLAB-tryggingataka vegna Yfirfærslunnar vegna þess að:

- það er álit mitt að fullvissan um að geta veitt þjónustu lögformlega vegna trygginga eftir Brexit er mikilvægari en tap á FSCS vernd, sem aðeins veitir vernd ef UKLAP verður gjaldþrota; og
- Solvency II skipulagið sem bæði UKLAP og ALPI DAC starfa samkvæmt, krefst þess að váttryggjendur viðhaldi varasjóði þannig að þeir geti lifað af öfgakennda atburði sem er gert ráð fyrir að komi aðeins fyrir á tvö hundruð ára fresti. SRA ALPI DAC krefst þess að ALPI DAC viðhaldi fjármagnsstöðu sem er umfram það sem krafist er samkvæmt Solvency II. Þess vegna er það mín skoðun að líkandi þess að ALPI DAC verði gjaldþrota sé lítil og því skiptir tap á FSCS verndinni ekki miklu.

Brexit Endurtrygging

- 4.76 Eins og fram kemur í lið 3.41, hafa orðið tvær breytingar á Brexit Endurtryggingunni síðan Skýrslan var gerð, en af ástæðum sem koma fram í liðum 3.42 til 3.46, tel ég að breytingarnar

³ Tryggingar sem gefnar voru út áður en FSCS kom til þann 1. desember 2001 falla samkvæmt Aviva undir skilgreininguna „bresk trygging“ í tilgangi laga um vernd tryggingataka frá 1975 og teljast sem slíkar falla undir FSCS.

séu viðeigandi og óverulegar og því eru niðurstöður mínar að því er varðar áhrif Brexit Endurtryggingar á OLAB-tryggingataka óbreytt. Það er að segja, ég tel að Brexit Endurtryggingin muni virka eins og til er ætlast og muni tryggja að bótavæntingar OLAB-tryggingataka verði í almennt óbreyttar vegna Yfirfærslunnar.

Stjórnunarhættir

- 4.77 Engar breytingar hafa orðið á áformuðum stjórnunarferlum OLAB frá því að Skýrslan var gerð, því er ég áfram þeirrar skoðunar að Yfirfærslan muni ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á OLAB-tryggingataka.

Ytri endurtrygging

- 4.78 Engar breytingar hafa orðið frá því að Skýrslan var rituð varðandi getu ALPI DAC til þess að gera nýjar endurtryggingarástafanir og breyta eða segja upp núverandi ráðstöfunum um endurtryggingu. Því tel ég áfram að þetta hafi ekki veruleg neikvæð áhrif á OLAB.

Skattar

- 4.79 Eins og fram kemur í liðum 3.53 og 3.54 hefur UKLAP átt í viðræðum við skattayfirvöld á Írlandi varðandi skattlagningu á Yfirfærslu-tryggingataka í framtíðinni og álagningu fyrirtækjaskatts á Yfirfærslu-tryggingataka. Þessar viðræður hafa staðfest að skattaleg staða OLAB-tryggingataka verður óbreytt vegna Áætlunarinnar. UKLAP hefur fengið allar heimildir og staðfestingar varðandi tryggingatakanna frá viðkomandi skattayfirvöldum í Bretlandi og á Írlandi.
- 4.80 Á heildina litið er það áfram mín skoðun að skattaleg áhrif Yfirfærslunnar eru líklega engin í heild og að það verði engin verulega neikvæð áhrif á OLAB-tryggingataka:

Kostnaður og gjöld

- 4.81 Eins og fram kemur í skýrslunni verða engar breytingar á fyrirkomulagi kostnaðar og gjalda hjá OLAB vegna áætlunarinnar. Ef viðkomandi aðilar leggja til breytingu þar á skal fylgja skýrum stjórnunarferlum við innleiðingu hennar og eru þessir ferlar, fyrir og eftir Yfirfærsluna, verulega þeir sömu.
- 4.82 Eins og fram kemur í kafla 6 í Skýrslunni, krefst Yfirfærslan þessi einnig að ALPI DAC greiði einkvæman kostnað og gjöld sem til verða vegna Áætlunarinnar. Þessum kostnaði verður úthlutað til sjóðs hins fyrirtækisins eða til ALPI DAC hluthafasjóðsins.
- 4.83 Einnig, eins og fram kom í kafla 6 í Skýrslunni, mun viðbótar viðvarandi kostnaður vegna Áætlunarinnar falla á hluthafa UKLAP og ALPI DAC. Ef hækkadur viðvarandi kostnaður UKLAP verður lagður á UKLAP tryggingataka í framtíðinni myndi þurfa samþykki stjórnar UKLAP og þarf hún að hafa fengið ráðleggingar hjá UKLAP WPA og hafa ráðfært sig við WPC í tengslum við hagnaðarstefnu UKLAP. Með sama hætti, ef til greina kæmi að auka viðvarandi ALPI DAC kostnað á ALPI DAC tryggingataka í framtíðinni, myndu gjöldin heyrja undir sambærilega ferla innan ALPI DAC.
- 4.84 Þar sem engar breytingar hafa orðið frá því að skýrslan var gerð, er ég áfram þeirrar skoðunar að það verði engin veruleg neikvæð áhrif á gjöld OLAB tryggingataka af völdum yfirfærslunnar.

Stjórnunar- og þjónustustaðlar

- 4.85 UKLAP mun áfram stjórna öllum OLAB tryggingum samkvæmt skilmálum Viðbótarsamningsins við Brexit Endurtryggingu, eins og fram kemur í Skýrslunni.

Niðurstaða

- 4.86 Í stuttu máli breyta uppfærðar upplýsingar ekki niðurstöðum mínum út frá skýrslunni varðandi OLAB tryggingataka og ég tel áfram að yfirfærslan muni ekki hafa verulega neikvæð áhrif á OLAB tryggingataka.

Áhrif yfirfærslunnar á Eftirstandandi Tryggingataka UKLAP

- 4.87 Yfirfærslutryggingatakar eru aðeins lítill hluti heildarfjölda trygginga og skuldbindinga UKLAP. Í eftirfarandi liðum er skoðað hvort uppfærðar upplýsingar breyti einhverjum þeirra niðurstaðna sem koma fram í skýrslunni varðandi Eftirstandandi Tryggingataka UKLAP.

Bótavæntingar og samningsbundin réttindi

- 4.88 Engar breytingar hafa orðið frá því að Skýrslan var gerð í tengslum við áhrif Yfirfærslunnar á bótavæntingar og samningsbundin réttindi Eftirstandandi Tryggingataka. Auk þess, af ástæðum sem lýst er í Skýrslunni, er það áfram svo að eiginfjárframlag UKLAP til ALPI DAC mun ekki hafa veruleg áhrif á bætur til Eftirstandandi Tryggingataka. Því eiga allar athugasemdir í Skýrslunni þar um enn við og ég tel áfram að Yfirfærslan muni ekki hafa verulega neikvæð áhrif á bótavæntingar og samningsbundin réttindi Eftirstandandi Tryggingataka.

Bótaöryggi tryggingataka

- 4.89 Eins og fram kemur í kafla 3.14, mun Yfirfærslan, 31. desember 2017, ekki hafa veruleg áhrif á SCR hlutfall UKLAP. Staðan er óbreytt 30. júní 2018, eins og vænta mátti, þar sem yfirfærð viðskipti eru aðeins lítill hluti viðskipta UKLAP. Ég hef einnig fengið nýlegri trúnaðarupplýsingar um fjárhagsstöðu UKLAP, eins og fram kemur í kafla 3.24, og benda þær til þess að SCR hlutfall UKLAP hefur ekki breyst verulega síðan 30. júní 2018. Því er staðan áfram sú að styrkur UKLAP að því er varðar gjaldfærni veikist ekki verulega með Yfirfærslunni.
- 4.90 Eins og fram kemur í kafla 3.26 hef ég skoðað Endurheimtaráætlun UKLAP síðan Skýrslan var gerð og ég tel að UKLAP sé með safn stjórnaraðgerða sem það getur notað til að halda út slíkar öfgakenndar sviðsmyndir og ekki sé ástæða til að hafa áhyggjur af gjaldfærni þess í framtíðinni. Ég tel að sviðmyndirnar sem notaðar eru nái áfram til megin áhættuþátta sem UKLAP er útsett fyrir og að stjórnunaraðgerðir sem UKLAP getur notað til að stjórna gjaldfærni sinni í neikvæðum aðstæðum séu viðeigandi.
- 4.91 Engin breyting hefur orðið síðan Skýrslan var rituð varðandi áhrif Yfirfærsluna á áhættustöðu eða SRA UKLAP.
- 4.92 Á heildina litið, með tilliti til uppfærðra fjárhagsupplýsinga sem fram koma í kafla 3, tel ég áfram að Yfirfærslan muni ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á bótaöryggi fyrir Eftirstandandi Tryggingataka UKLAP.

Umboðsmaður

- 4.93 Engin breyting hefur orðið síðan Skýrslan var rituð varðandi þjónustu umboðsmanns sem verður tiltæk Eftirstandandi Tryggingatökum eftir Yfirfærsluna. Það er að segja að Eftirstandandi Tryggingatakar munu áfram hafa aðgang að umboðsmanni fjármála eftir Yfirfærsluna.

FSCS

- 4.94 Engin breyting hefur orðið síðan Skýrslan var rituð varðandi FSCS verndina sem verður tiltæk Eftirstandandi Tryggingatökum eftir Yfirfærsluna. Það er að segja að Eftirstandandi Tryggingatakar munu áfram hafa sama verndarstig samkvæmt FSCS eftir Yfirfærsluna og þeir höfðu fyrir hana.

Brexit Endurtrygging

- 4.95 Tvær breytingar hafa verið gerðar á Brexit endurtryggingunni síðan Skýrslan var rituð, en af ástæðum sem eru raktar í liðum 3.42 til 3.46, tel ég að breytingarnar séu viðeigandi og óverulegar, og því eru niðurstöður mínar með tilliti til áhrifa Brexit Endurtryggingarinnar á Eftirstandandi Tryggingahafa óbreyttar. Þess vegna eru allar athugasemdir sem ég gerði í Skýrslunni að því er þetta varðar áfram í gildi og ég tel áfram að Brexit Endurtryggingin muni ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á Eftirstandandi Tryggingataka UKLAP.

Ytri endurtrygging

- 4.96 Engar breytingar hafa orðið frá því að Skýrslan var rituð varðandi getu UKLAP til að gera nýjar endurtryggingaráðstafanir og breyta eða segja upp núverandi ráðstöfunum um endurtryggingu. Þess vegna tel ég að það hafi ekki veruleg neikvæð áhrif á Eftirstandandi Tryggingataka.

Stjórnunarhættir

- 4.97 Enginn breyting hefur orðið síðan Skýrslan var rituð varðandi stjórnunarhætti hjá UKLAP að því leyti sem þeir eiga við um Eftirstandandi Tryggingataka. Eins og fram kemur í Skýrslunni munu þessir stjórnunarhættir ekki breytast vegna Yfirfærslunnar og því tel ég áfram að Yfirfærslan muni ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á stjórnunarhætti Eftirstandandi Viðskipta.

Reglur í handbókinni um viðskiptahætti

- 4.98 Eins og fram kemur í Skýrslunni munu Eftirstandandi Tryggingatakar UKLAP áfram heyra undir sömu reglurnar í COBS hvort sem er fyrir eða eftir að Áætlunin tekur gildi.

Skattar

- 4.99 Engar breytingar hafa orðið frá því að Skýrslan var rituð varðandi skattabreytingar vegna Yfirfærslu Eftirstandandi Tryggingataka. Ég geri ráð fyrir að skattabreytingar vegna Yfirfærslunnar verði almennt engar og að hækkaður kostnaður við virðisaukaskatt vegna Yfirfærslunnar leggjist á hluthafa ALPI DAC. Þess vegna tel ég áfram að skattabreytingar vegna Yfirfærslunnar muni ekki valda neinum verulega neikvæðum áhrifum á Eftirstandandi Tryggingataka UKLAP.

Kostnaður og gjöld

- 4.100 Engar breytingar hafa orðið frá því að Skýrslan var rituð varðandi áhrif Yfirfærslunnar á kostnað og gjöld sem leggjast á Eftirstandandi Tryggingataka. Þess vegna eru allar athugasemdir sem ég gerði í Skýrslunni að því er þetta varðar áfram í gildi og ég tel áfram að Yfirfærslan muni ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á kostnað og gjöld fyrir Eftirstandandi Tryggingataka UKLAP.
- 4.101 Eins og fram kemur í kafla 6 í Skýrslunni, mun UKLAP standa straum af einkvæmum kostnaði og gjöldum sem til verða vegna Áætlunarinnar. Þessum kostnaði verður úthlutað til hluthafasjóðs UKLAP eða til NPSF.
- 4.102 Einnig, eins og fram kom í Skýrslunni, mun viðbótar viðvarandi kostnaður vegna Áætlunarinnar falla á hluthafa UKLAP og ALPI DAC. Ef aukinn viðvarandi kostnaður UKLAP verður lagður á UKLAP tryggingataka í framtíðinni þarf samþykki stjórnar UKLAP og, ef þetta á við um sjóð með hagnaði, þarf að fá ráðleggingar hjá UKLAP WPA og ráðfæra sig við WPC.

Stjórnunar- og þjónustustaðlar

- 4.103 Engar breytingar hafa orðið frá því að Skýrslan var rituð varðandi áformaða stjórnunar- og þjónustustaðla fyrir Eftirstandandi Tryggingataka. Því eiga allar athugasemdir í Skýrslunni þar um enn við og ég tel áfram að Yfirfærslan muni ekki hafa nein verulega neikvæð áhrif á stjórnunar- eða þjónustustaðla Eftirstandandi Tryggingataka UKLAP.

Niðurstaða

- 4.104 Í stuttu máli breyta uppfærðar upplýsingar ekki niðurstöðum mínum út frá Skýrslunni varðandi Eftirstandandi Tryggingataka og ég tel áfram að Yfirfærslan muni ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á Eftirstandandi Tryggingataka.

Áhrif Yfirfærslunnar á Núverandi Tryggingataka ALPI DAC

- 4.105 Í eftirfarandi liðum er lagt mat á hvernig uppfærðar upplýsingar kunna að breyta því hvaða áhrif Áætlunin hefur á Núverandi Tryggingataka ALPI DAC.

Bótavæntingar og samningsbundin réttindi

- 4.106 Engar breytingar hafa orðið frá því að Skýrslan var gerð í tengslum við áhrif Yfirfærslunnar á bótavæntingar og samningsbundin réttindi Núverandi Tryggingataka. Því eiga allar athugasemdir í Skýrslunni þar um enn við og ég tel áfram að Yfirfærslan muni ekki hafa verulega neikvæð áhrif á bótavæntingar og samningsbundin réttindi Núverandi Tryggingataka.

Bótaöryggi tryggingataka

- 4.107 Eins og fram kemur í lið 3.18, miðað við 31. desember 2017, myndi SCR hlutfall eftir Yfirfærsluna vera lægra en SRC hlutfall fyrir Yfirfærsluna en myndi samt sem áður vera í samræmi við SRA ALPI DAC. Staðan er óbreytt miðað við 30. júní 2018, eins og vænta mátti, þar sem aðeins lítil breyting hefur orðið á SCR hlutfalli fyrir Yfirfærsluna. Ég hef einnig fengið nýlegri trúnaðarupplýsingar um fjárhagsstöðu ALPI DAC, eins og fram kemur í lið 3.24, og benda þær til þess að SCR hlutfall ALPI DAC hafi ekki breyst verulega síðan 30. júní 2018. Auk þess, var eiginfjárframlagi ætlað að tryggja að ALPI DAC sé fjármagnað að 150% SCR hlutfalli eftir Yfirfærsluna, eins og krafist er samkvæmt Áætluninni. Því er staða áfram sú að ALPI DAC verði áfram fjármagnað með viðunandi hætti eftir Yfirfærsluna.
- 4.108 Auk þess, eins og fram kemur í kafla 10.17 í Skýrslunni, er gert ráð fyrir að ALPI DAC verði áfram innan græna svæðis sem fram kemur í SRA þess í megin framreikningi þess, á næstu fimm árum.
- 4.109 Engin breyting hefur orðið síðan Skýrslan var rituð varðandi áhrif Yfirfærslunnar á áhættustöðu eða SRA ALPI DAC.
- 4.110 Eins og fram kemur í lið 3.26 hef ég skoðað uppfært mat á ORSA fyrir ALPI DAC síðan Skýrslan var gerð og ég tel að ALPI DAC sé með safn stjórnunaraðgerða sem það gæti notað til að halda út slíkar öfgakenndar sviðsmyndir og ekki sé ástæða til að hafa áhyggjur af gjaldþoli þess í framtíðinni. Álags- og sviðsmyndapróf í nýlegu mati ALPI DAC á ORSA einnig verið uppfært. Ég tel að þau nái áfram til megin áhættuþátta sem ALPI DAC er útsett fyrir og að stjórnunaraðgerðir sem ALPI DAC getur notað til að stjórna gjaldfærni sinni í neikvæðum aðstæðum séu viðeigandi.
- 4.111 Eins og fram kemur í lið 3.33 hafa verið gerðar nokkrar leiðréttingar á lokaferli (run-off plan) fyrir OLAB skuldbindingar. Ég hef skoðað þessar leiðréttingar og eins og fram kemur í lið 3.37 tel ég áfram að hægt sé að stjórna útsetningu mótaðilans ALPI DAC fyrir UKLAP með viðunandi hætti og að hún muni ekki skapa verulega neikvæð áhrif á ALPI DAC.
- 4.112 Á heildina litið, með tilliti til uppfærðra fjárhagsupplýsinga sem fram koma í kafla 3, tel ég áfram að Yfirfærslan muni ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á bótaöryggi fyrir Eftirstandandi Tryggingataka ALPI DAC.

Umboðsmaður

- 4.113 Engin breyting hefur orðið síðan Skýrslan var rituð varðandi þjónustu umboðsmanns sem verður tiltæk Núverandi Tryggingatökum eftir Yfirfærsluna. Það er að segja að Núverandi Tryggingatakar munu áfram hafa aðgang að umboðsmanni fjármála eftir Yfirfærsluna.

FSCS

- 4.114 Eins og fram kemur í Skýrslunni er staðan áfram sú að Núverandi Tryggingatakar falla ekki undir FSCS og að það muni haldast óbreytt eftir Yfirfærsluna. Auk þess er staðan áfram sú að það er engin írsk vernd sambærileg FSCS verndinni fyrir líftryggingaviðskipti.

Brexit Endurtrygging

- 4.115 Engar breytingar hafa orðið frá því að Skýrslan var gerð í tengslum við áhrif Brexit Endurtryggingar á Núverandi Tryggingataka. Þess vegna eru allar athugasemdir sem ég gerði í Skýrslunni að því er þetta varðar áfram í gildi og ég tel enn að Brexit Endurtryggingin muni ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á Núverandi Tryggingataka ALPI DAC.

Stjórnunarhættir

- 4.116 Eins og fram kemur í Skýrslunni er staðan áfram sú að stjórnunarferlin sem eru til staðar fyrir Núverandi Tryggingataka ALPI DAC verða óbreyttir eftir Yfirfærsluna. Ég tel áfram að Yfirfærslan muni ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á stjórnun Núverandi Tryggingataka ALPI DAC.

Skattar

- 4.117 Engar breytingar hafa orðið frá því að Skýrslan var rituð varðandi skattabreytingar vegna Yfirfærslu Núverandi Tryggingataka. Því eiga allar athugasemdir í Skýrslunni þar um enn við og ég tel enn að skattaáhrif Yfirfærslunnar muni ekki hafa verulega neikvæð áhrif á Núverandi Tryggingataka ALPI DAC.

Kostnaður og gjöld

- 4.118 Engar breytingar hafa orðið frá því að Skýrslan var rituð varðandi áhrif Yfirfærslunnar á kostnað og gjöld sem leggjast á Núverandi Tryggingataka. Þess vegna eru allar athugasemdir sem ég gerði í Skýrslunni að því er þetta varðar áfram í gildi og ég tel enn að Yfirfærslan muni ekki hafa nein áhrif á kostnað og gjöld fyrir Núverandi Tryggingataka ALPI DAC.

- 4.119 Eins og fram kemur í kafla 6 í Skýrslunni, mun ALPI DAC standa straum af einkvæmum kostnaði og gjöldum sem til verða vegna Áætlunarinnar. Þessum kostnaði verður úthlutað til sjóðs hins fyrirtækisins eða til ALPI DAC hluthafasjóðsins.

- 4.120 Einnig, eins og fram kom í Skýrslunni, mun viðbótar viðvarandi kostnaður vegna Áætlunarinnar falla á hluthafa ALPI DAC. Ef hækkaður viðvarandi kostnaður ALPI DAC verður lagður á ALPI DAC tryggingataka í framtíðinni myndi þurfa samþykki stjórnar ALPI DAC og þarf hún að hafa fengið ráðleggingar hjá HoAF hjá ALPI DAC og ráðfært sig við WPC í tengslum hvaðeina sem varðar hagnaðarstefnu.

Stjórnunar- og þjónustustaðlar

- 4.121 Með sambærilegum hætti og lýst er vegna Írskra hagnaðarviðskipta í lið 4.29, er nú til staðar ráðagerð til að leiða saman stjórnarteymi, ferla og kerfi ALPI DAC og ALSIL með nálguninni um að nota það Besta frá Báðum. Ég hef verið upplýstur um núverandi stöðu þessarar ráðagerðar og er þeirrar skoðunar að hún sé í réttum farvegi. Auk þess tel ég að þeirri nálgun að taka það Besta frá Báðum sé gefið nægilegur gaumur til að tryggja að núverandi þjónustustig verði viðhaldið, í það minnsta. Þess vegna geri ég áfram ekki ráð fyrir að Yfirfærslan muni hafa neikvæð áhrif á þá staðla sem Núverandi Tryggingatakar ALPI DAC hafa reynslu af.

Ytri endurtrygging

- 4.122 Engar breytingar hafa orðið frá því að Skýrslan var rituð varðandi getu ALPI DAC til þess að gera nýjar endurtryggingaráðstafanir og breyta eða segja upp núverandi ráðstöfunum um endurtryggingu. Því er ég áfram þeirrar skoðunar að þetta hafi engin veruleg neikvæð áhrif á núverandi viðskipti ALPI DAC.

PRISM einkunn

- 4.123 Engar breytingar hafa orðið frá því að Skýrslan var rituð varðandi áhrif Yfirfærslunnar á væntanlega PRISM einkunn ALPI DAC. Því eiga allar athugasemdir mínar í Skýrslunni þar um enn við og ég tel enn að breytingin úr miðlungs PRISM einkunn í háa PRISM einkunn vegna Yfirfærslunnar muni ekki hafa efnislega neikvæð áhrif á Núverandi Tryggingataka ALPI DAC.

Niðurstaða

- 4.124 Í stuttu máli breyta uppfærðar upplýsingar ekki niðurstöðum mínum út frá Skýrslunni varðandi Núverandi Tryggingataka og ég tel enn að Yfirfærslan muni ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á Núverandi Tryggingataka.

Áhrif Yfirfærslunnar á endurtryggjendur Yfirfærsluviðskipta

- 4.125 Eins og fram kemur í liðum 3.57 til 3.60, hefur ALPI DAC haft samband við alla endurtryggjendur Yfirfærsluviðskipta til að tilkynna þeim um Áætlunina. Sem stendur hefur UKLAP ekki fengið nein andmæli við nauðsynlegum breytingum á endurtryggingasamningum eða við Yfirfærslunni. Því eru niðurstöður mínar varðandi áhrif Áætlunarinnar á endurtryggjendur Yfirfærsluviðskiptanna óbreyttar.

Niðurstaða

- 4.126 Í stuttu máli breyta uppfærðar upplýsingar ekki niðurstöðum mínum í Skýrslunni varðandi endurtryggjendur Yfirfærsluviðskiptanna og ég tel enn að Yfirfærslan muni ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á endurtryggjendur Yfirfærsluviðskiptanna.

5 **Skoðun samskiptaferla tryggingataka og móttekin andmæli og staðhæfingar**

- 5.1 Við málflytning á Leiðbeininga-dómþingi (Directions Hearing) 16. október 2018, samþykkti Dómurinn fyrirhugaðar áætlanir UKLAP og ALPI DAC um samskipti við tryggingataka í tengslum við Áætlunina. Samþykktum samskiptaháttum við tryggingataka er lýst í Yfirlýsingu Vitna (Witness Statement) og veittum undanþágum er lýst í niðurstöðunni (Directions Order) eftir Leiðbeininga-dómþingið.
- 5.2 Undanþágur varðandi samskipti við tryggingataka sem uppfylla tiltekin skilyrði voru veittar UKLAP. Dómurinn veitti UKLAP einnig undanþága frá kröfum laga um fjármálaþjónustu og markaði („FSMA“) um að birta lögformlega tilkynningu í tveimur landsblöðum í hverju aðildarríki EES þar sem Yfirfærslu-tryggingataki hefur búsetu.
- 5.3 Lögformleg tilkynning um Áætlunina var birt í lögbirtingablöðum í London, Edinborg og Belfast, í Iris Oifigiúil á Írlandi og í alþjóðlegri útgáfu Financial Times. Hún var einnig birt í einu landsblaði í Belgíu, Frakklandi, Þýskalandi, á Íslandi og í Svíþjóð (vegna þess að það eru fleiri en 100 Yfirfærslu-tryggingatakar í hverju þessara landa) og í tveimur landsblöðum í Bretlandi og á Írlandi.
- 5.4 Allir Yfirfærslu-tryggingatakar og Núverandi Tryggingatakar, fyrir utan þá sem falla undir undanþágu, fengu sent bréf, bækling fyrir tryggingataka og samantekt á Skýrslunni, samkvæmt samskiptaáætluninni sem lögð var til við Leiðréttinga-dómþingið.
- 5.5 Allar upplýsingarnar í bæklingnum fyrir tryggingataka eru einnig aðgengilegar á sérstöku vefsetri (<https://transfer.aviva.com/life>)
- 5.6 Við póstsendingu til tryggingataka komu upp eftirfarandi mál:
 - svæðisnúmer tengiliðanúmers og opnunartími símavers í Belgíu var misritað í sendingu til fyrsta hóps tryggingataka sem fengu póst um Yfirfærsluna, það hafði áhrif á 11.844 tryggingataka. Þetta var leiðrétt og viðkomandi tryggingatakar fengu allir umsvifalaust réttar upplýsingar,
 - eins og fram kemur í lið 3.40, gerði UKLAP tilraun áður en hafist var handa við póstsendingu til tryggingataka til að tryggja að allir Yfirfærslu-tryggingatakar væru rétt auðkenndir. Við skoðun vöruflokkanna sem voru til yfirfærslu kom fram að einn vöruflokkurinn á listanum (einungis fimm tryggingatakar) var ekki UKLAP vara og því áttu þessir tryggingasamningar ekki að vera með í hópi Yfirfærslu-trygginga. Því var tryggingatökum þessara tryggingasamninga ekki sendur póstur þar sem þeir heyrðu ekki undir Yfirfærsluna samkvæmt Áætluninni. Þeir voru allir tryggingatakar utan Bretlands með búsetu í Belgíu og því hefur Brexit ekki áhrif á þjónustu við þessa tryggingasamninga,
 - þegar svör voru send sex hollenskumælandi belgískum tryggingatökum sem andmæltu Áætluninni vegna missis FSCS verndar var villa í þýðingunni og þessum tryggingatökum var ranglega sagt að til væri áætlun sambærileg FSCS á Írlandi. Villan var leiðrétt umsvifalaust og þýðingin send aftur með tölupósti til viðkomandi tryggingataka, og
 - eins og fram kemur í lið 3.40, hefur komið í ljós lítill hluti tryggingasamninga, í póstsendingarferlinu, sem teljast innan ramma (in scope). Vörukóðinn sem tengist eftirlaunatryggingu vinnuveitanda var áður ekki á vörulista Áætlunarinnar. Vörukóði heildarlíftryggingar („whole of life“) var hafður með en nokkrar stakar tryggingar komu ekki fram. Póstsending þessara tryggingasamninga tafðist því lítillega og því höfðu tryggingatakar aðeins tæplega sex vikur til að svara. Hins vegar voru vörutegundirnar svipaðar öðrum vörum sem voru yfirfærðar samkvæmt Áætluninni og með tilliti til fjölda samninga tel ég ólíklegt að ný andmæli komi fram.

- 5.7 Ég tel ekki að þau mál sem rakin eru hér að ofan ógildi reglufylgni samskiptaferlisins við Yfirlýsingu Vitnanna, þar sem UKLAP hefur umsvifalaust leiðrétt þau öll.
- 5.8 UKLAP and ALPI DAC hafa staðfest að þau hafi hagað samskiptum sínum við Yfirlýsingu Vitna og Núverandi Tryggingataka í samræmi við Yfirlýsingu Vitna og Leiðbeiningaúrskurðinn⁴, að öllu leyti nema í tengslum við málin/villurnar sem fram koma í lið 5.6 hér að ofan, þar með talið þýðingu samskiptana á viðkomandi tungumál fyrir tryggingataka í aðildarríkjum EES utan Bretlands. Eg veiti athygli að póstsendingu til Yfirlýsingu Vitna og Núverandi Tryggingataka var lokið 21. desember 2018, sem er u.þ.b. 7 vikum fyrir Staðfestningarþinghaldið (Sanctions Hearinga) og í samræmi við kröfur samkvæmt leiðbeiningum FCA og PRA.
- 5.9 UKLAP og ALPI DAC staðfestu einnig að miðað við 6. janúar 2019 voru aðeins 3.377 sendingum af 528.620 endursendar. Sextíu af þessum endursendingum voru síðan sendar aftur á gilt heimilisfang. Auk þess hef ég skoðað samskipti til tryggingataka sem voru gerð tiltæk á vefsetrinu (<https://transfer.aviva.com/life>). Á heildina litið tel ég að samskiptaferlið hafi uppfyllt kröfur Yfirlýsingu Vitna (nema þau mál sem skýrt er frá í lið 5.6) og að tryggingatakar hafi fengið nægilegar upplýsingar og fyrirvara um áformaða Áætlun.
- 5.10 Starfsfólk símavers hefur fengið skrá yfir spurningar og svör og fengið fræðslu um Yfirlýsuna til að hjálpa þeim að skilja fyrirspurnir sem tengast Yfirlýsinni. Allar fyrirspurnir sem ekki er hægt að svara með skrá yfir spurningar og svör verður að senda til miðlægs umsjónarteymis Yfirlýsunnar. UKLAP fylgist einnig með framvindu verkefnisins og er í reglulegum samskiptum við símaverið til að ræða innhringingar, framgang og álitæfni sem teymin kunna að fást við til að tryggja að engin mál komi upp sem ekki eru fyrirséð.
- 5.11 Umsjónarteymi Yfirlýsunnar var sérstaklega sett saman vegna Yfirlýsunnar með sérfræðingum sem þjálfadur eru í þeim tilgangi. Umsjónarteymi Yfirlýsunnar hefur fengin umfangsmikla þjálfum sem náði m.a. til mikilvægi flokkunar andmæla og fyrirspurna eins nákvæmlega og unnt er, með varúðarsjónarmið að leiðarljósi ef einhver vafi var fyrir hendi. Allar fyrirspurnir sem beint var til umsjónarteymis Yfirlýsunnar eru flokkaðar með eftirfarandi hætti:
- einföld fyrirspurn: fyrirspurn sem krefst ekki mikillar rannsóknar,
 - tæknileg fyrirspurn: fyrirspurn um þátt í Yfirlýsinni sem starfsfólk í símaveri getur ekki svarað og krefst ítarlegra svars frá miðlægu Umsjónarteymi Yfirlýsunnar,
 - andmæli: sem UKLAP skilgreinir sem fyrirspurn þar sem „viðskiptavinur getur fært sönnur fyrir því að hann eða trygging hans mun skadast vegna þess að Yfirlýsningin á sér stað“ eða tryggingatakin tekur sérstaklega fram að hann vilji andmæla Yfirlýsinni.
- 5.12 Þegar starfsmaður Stjórnunarteymis Yfirlýsunnar hefur flokkað og gert drög að svari við fyrirspurn, fer stjórnandi Stjórnunarteymis Yfirlýsunnar yfir upplýsingarnar og flokkunina. Allar tæknilegar fyrirspurnir og andmæli eru rædd í hópi sérfræðinga, þar sem sitja einstaklingar úr laga- og tryggingastærðfræðiteymi UKLAP og sérfræðingahópurinn þarf að afgreiða allan póst sem er sendur til tryggingataka til að svara tæknilegum fyrirspurnum þeirra eða andmælum. Þetta stigskipta stjórnunarferli við meðferð andmæla tryggir að borin séu kennsl á þau, þau flokkuð og meðhöndluð með videigandi hætti.

⁴ Deputy ICC Judge Mullen við hæstaréttinn ((Insolvency and Companies List (ChD)) úrskurðaði 16. október 2018 (Leiðbeinandi úrskurðurinn) um Kröfueyðublaðið dagsett 9. október 2018.

- 5.13 Tryggingataka sem andmæla Yfirfærslunni eru upplýstir um að andmæli þeirra verða skráð og þau áframsend til mín, sem óháðs sérfræðings, og Dómstólsins og eru einnig minntir á að þeir geta mætt fyrir Dómstólinn til að andmæla í eigin persónu. Svör til tryggingataka sem leggja inn tæknilega fyrirspurn sem inniheldur upplýsingar um hvernig þeir geti komið á framfæri andmælum ef svör UKLAP eða ALPI DAG eru ekki fullnægjandi.
- 5.14 Ég hef skoðað fræðsluna sem Stjórnunarteymi Yfirfærslunnar hefur farið í, þ.m.t. þjálfun í að bera kennsl á andmæli og símtöl við stjórnanda Stjórnunarteymis Yfirfærslunnar til að skilja betur ferlið til að bera kennsl og bregðast við andmælum. Ég hef einnig skoðað tæknilegar fyrirspurnir sem hafa borist UKLAP og ALPI DAC til að tryggja að, að mínu viti, ekkert þeirra séu andmæli sem voru ranglega flokkuð. Ég hef einnig rætt nokkur mál beint við stjórnandi Stjórnunarteymis Yfirfærslunnar. Eftir að hafa skoðað fræðslupakkana fyrir stjórnunarteymi Yfirfærslunnar í framhaldi af ýmsum samtölum við UKLAP um samskiptin og eftir skoðun mína á tæknilegum fyrirspurnum og andmælum, tel ég að UKLAP og ALPI DAC séu með trausta ferla til að bera kennsl á andmæli.
- 5.15 Ég hef fengið afrit af öllumsamskiptum varðandi andmæli gegn Áætluninni sem UKLAP og ALPI DAC hafa mótttekið allt til 6. janúar 2019. Ég mun áfram fylgjast með andmælum og upplýsa Dómstólinn ef einhver ný atriði koma fram í síðari andmælum.
- 5.16 Upplýsingar UKLAP um meðhöndlunina veita upplýsingar um hver andmæli og eftirlit með mótteknum andmælum. Þegar kennsl hafa verið borin á þau flokkar UKLAP andmælin eftir efni þeirra. Andmæli geta flokkast undir fleiri en einn flokk allt eftir fjölda ástæðna í andmælum hvers tryggingataka. Þetta flokkunarferli fer fram á sama tíma og gerð er drög að svörum og þannig fellur það undir sama stjórnunarferli og svörin við andmælunum, sem lýst er í lið 5.12 hér að ofan.
- 5.17 UKLAP hefur staðfest að miðað við 6. janúar 2019 hafi það mótttekið 3.245 bréf eða símtöl eða rafrænar fyrirspurnir frá yfirfærðum tryggingatökum varðandi Áætlunina, þar af voru 137 staðfest andmæli.
- 5.18 UKLAP hefur átt samskipti til þessa tryggingataka með bréfpósti, símtali eða tölvupósti. Ég hef fengið afrit af öllum samskiptum við tryggingataka sem hafa hreyft andmælum um Áætlunina allt til 6. janúar 2019, þ.m.t. endurrit símtala eftir þörfum.
- 5.19 ALPI DAC hefur staðfest að miðað við 6. janúar 2019 hafi það mótttekið 63 bréf eða símtöl eða rafrænar fyrirspurnir frá núverandi tryggingatökum varðandi Áætlunina, þar af var 1 staðfest andmæli.
- 5.20 ALPI DAC hefur átt samskipti til þessa tryggingataka með bréfpósti. Ég hef fengið afrit af öllum samskiptum við tryggingataka sem hafa hreyft andmælum um Áætlunina allt til 6. janúar 2019, þ.m.t. endurrit símtala eftir þörfum.
- 5.21 Ég hef lokið skoðun allra andmæla sem hafa borist og flokkað þau sjálfstætt í samræmi við túlkun mína á ástæðum tryggingatakanna til þess að andmæla. Þar sem í því felst nokkuð huglægt mat getur verið smávægilegur munur miðað við þá flokka sem UKLAP hefur notað.
- 5.22 Byggt á skoðun minni á andmælunum sem UKLAP og ALPI DAC hafa mótttekið, er hægt að taka saman framkomin andmæli í eftirfarandi flokka:
- missir FSCS verndar,
 - fyrirfram gefnar niðurstöður Brexit samninga,
 - áhyggjur af því að skipta um vátryggjanda,

- óháða sérfræðingnum;
 - flutningur til fyrirtækis með aðsetur á Írlandi,
 - Yfirfærslan ætti ekki að vera fullgild án samþykkis tryggingataka,
 - skilja ekki Yfirfærsluna,
 - orðalag í skýrslu Óháða Sérfræðingsins,
 - árangur tryggingarinnar mun versna,
 - flutningur gagna, og
 - enginn rökstuðningur tilgreindur.
- 5.23 Ég skoða hverja þessara tegunda hér fyrir neðan. Taka skal fram að sum andmælin geta innihaldið fleiri en eina tegund andmæla og að þau hafi verið skráð í alla viðkomandi andmælaflokka.

Missir FSCS verndar

Vörur sem nú falla undir FSCS vernd

- 5.24 Fram hafa komið 90 andmæli (þann 6. janúar 2019) varðandi missi FSCS verndar frá tryggingatökum sem eru með tryggingar sem nú falla undir FSCS vernd. Þessir tryggingatakar njóta nú FSCS verndar, sem þýðir að ef svo ólíklega vildi til að UKLAP yrði gjaldþrota myndu bætur sem váttryggjandi hefði krafist falla undir FSCS.
- 5.25 Ef váttryggjandi getur ekki eða er líklegur til að geta ekki uppfyllt kröfur á hendur sér er skiptastjóri skipaður til að sjá um skiptameðferð/slit fyrirtækisins og FSCS mun vera í samskiptum við skiptastjóra um tryggingar sem þetta hefur áhrif á. FSCS stefnir að því að viðhalda bótagreiðslum samkvæmt tryggingum sem njóta verndar og mun því fyrst reyna að sjá til þess að tryggingin haldist samfelld, til dæmis með því að flytja tryggingarnar til annars váttryggjanda eða hafa umsjón með útgáfu nýrra trygginga hjá öðru tryggingafélagi til að koma í stað núverandi trygginga. Fyrir þær kröfur sem koma til greina mun FSCS sjá til þess að tryggingabætur verði greiddar kröfuhafa í því tilviki þegar váttryggjandi er gjaldþrota þegar gild krafa kemur fram og váttryggjandi í skiptameðferð getur ekki uppfyllt allar kröfurnar.
- 5.26 Eins og fram kemur í niðurstöðu Skýrslunnar er mjög mikilvægt að hafa fullvissu um að Aviva Group geti veitt þjónustu vegna þessara trygginga með lögformlegum hætti eftir Brexit. Það er skynsamlegt að flytja Yfirfærslu-tryggingarnar til ALPI DAC til að tryggja þetta. ALPI DAC er tryggingafyrirtæki á Írlandi sem ekki er „hlutadeigandi einstaklingur“ samkvæmt viðeigandi PRA reglum og þar af leiðandi tapast FSCS vernd fyrir þá Yfirfærslu-tryggingataka sem njóta nú verndar. Samfelld þjónusta við Yfirfærslu-tryggingar eftir Brexit er afar mikilvæg fyrir UKLAP og fyrir viðskiptavinum. Þar sem aðeins er hægt að gera tilkall til FSCS verndar í því ólíklega tilviki að UKLAP verði gjaldþrota, er missir verndarinnar ekki jafn skaðlegur og möguleg áhrif þess að UKLAP verði ófært um að halda áfram að þjónusta Yfirfærslu-tryggingar eftir Brexit.
- 5.27 Eins og fram kemur í Skýrslunni eru líkurnar á því að annað hvort UKLAP eða ALPI DAC verði gjaldþrota nú eða í framtíðinni, afar litlar. Bæði UKLAP og ALPI DAC starfa innan regluverkaskipulags sem byggir á áhættu og eru fjármögnuð með viðunandi hætti með viðeigandi SRA. Þess er krafist samkvæmt Solvency II að UKLAP og ALPI DAC viðhaldi fjármagni þannig að þau geti lifað af öfgakenndar aðstæður eins og aðstæður sem kunna aðeins að gerast á tvö hundruð ára fresti. Ennfremur eru bæði UKLAP og ALPI DAC með SRA sem krefst þess að þau hafi fjármagn sem er umfram það sem er krafist samkvæmt Solvency II og að þau nota viðurkenndar aðferðir til að ná aftur ákjósanlegri stöðu sinni í því tilviki að fjármagn þeirra verði minna en þetta ákjósanlega mark. Solvency II gerir einnig kröfu um að váttryggjendur geri áætlanir um fjármagnsstreymi sitt og láti fara fram álags- og sviðsmyndaprófanir til þess að staðfesta hvaða aðstæður þau myndu standast og við hvaða

aðstæður þau gætu haft hag að meira fjármagni. Bæði UKLAP og ALPI DAC hafa nokkrar stjórnunaraðgerðir tiltækar sem væri hægt að beita við öfgakenndar aðstæður.

5.28 Sumir tryggingatakar sem andmæla missi FSCS verndar skýrðu frá grundvelli andmæla sinna með eftirfarandi hætti:

- þeim finnst þeir ættu að fá missi FSCS verndar bættan vegna þess að þeim finnst missir FSCS verndar vera breyting á skilmálum tryggingarinnar,
- þeim finnst að FSCS verndin veiti öryggi að því er varðar framhald bótagreiðslna til lengri tíma, og
- þeir myndu frekar kjósa að UKLAP annað hvort velji annað rekstrarmódel sem felur ekki í sér missir FSCS verndar, flytji viðskiptin til annars lands sem veitir eitthvert form bótagreiðslna eða kaupí eitthvert tryggingaform af öðrum váttryggjanda sem hefur engin fjárhagsleg tengsl við Aviva Group sem er svipaðs eðlis og FSCS.

5.29 Ég hef fjallað um hverja þessara ástæðna með eftirfarandi hætti:

- Breytingar á skilmálum: Ég hef ráðfært mig við lagalega ráðgjafa UKLAP og skil að missir FSCS verndar felur ekki í sér breytingu á skilmálum viðkomandi trygginga þar sem hún er tegund verndar sem utanaðkomandi aðili, FSCS, veitir í Bretlandi. Þörfin fyrir að flytja tryggingarnar til váttryggjanda innan EES en utan Bretlands er afleiðing af Brexit og ekki vegna neinna aðgerða af hálfu UKLAP. Í þessu ljósi tel ég að það sé sanngjarnt að UKLAP greiði tryggingatökum ekki bætur fyrir það.
- Öryggi bóta til lengri tíma: eins og tekið er fram í kafla 5.27 eru bæði UKLAP og ALPI DAC vel fjármöggnuð og krafa gerð um að þau viðhaldi fjármagni þannig að þau geti staðist atburð sem gerist ekki nema á 200 ára fresti, Solvency II skipulaginu. Sem hluti af Aviva Group er einnig uppi krafa um að þau viðhaldi viðbótarfjármagni umfram það sem krafist er samkvæmt Solvency II. Ég tel að líkurnar á því að ALPI DAC verði gjaldþrota mjög litlar og að öryggi yfirfærðra trygginga verði ekki fyrir verulega neikvæðum áhrifum af Yfirfærslunni.
- Önnur rekstrarmódel: UKLAP hefur skoðað önnur rekstrarmódel, en eins og fram kemur í Skýrslunni og liðum 2.3 til 2.5 hér að ofan, veita þau rekstrarmódel ýmist ekki fullvissu um að unnt sé að viðhalda FSCS vernd eftir Brexit eða hafa í för með sér aukakostnað og -flækjustig. UKLAP hefur ákveðið að áformaður flutningur til ALPI DAC sé skynsamlegasta nálgunin af ástæðum sem eru raktar hér að ofan í kafla 3.30. UKLAP hefur valið Írland sem ESB ríki til að flytja yfirfærðar tryggingar til þar sem UKLAP er þegar með dótturfélag á Írlandi með sterka sögu og jafnframt eru lagaumgjörð, viðskiptatungumál og menning á Írlandi og í Bretlandi mjög lík. Þess vegna var niðurstaðan að Írland var talið besti valkosturinn. Með tilliti til þess að UKLAP kaupí einhvers konar tryggingu hjá váttryggjanda utan Aviva Group, í ljósi þess að ég tel líkurnar á því að annað hvort UKLAP eða ALPI DAC verði gjaldþrota séu hverfandi (eins og fram kemur í lið 5.27) eru líkur á að slík trygging sé nauðsynleg einnig hverfandi. Þess vegna er það álit mitt að kaup á tryggingu af þessi tagi sé ekki nauðsynleg.

5.30 Ég tel að nægilega hafi verið fjallað um missi FSCS verndar við gerð Skýrslunnar og tel enn að ekki séu fyrir hendi veruleg neikvæð áhrif á vernd tryggingataka af ástæðum sem raktar eru í liðum 5.26 til 5.29 hér að ofan.

Vörur sem nú eru utan FSCS verndar

5.31 Fram hafa komið 8 andmæli (þann 6. janúar 2019) í tengslum við missi FSCS verndar frá tryggingatökum með tryggingar sem UKLAP hefur til þessa álitid að falli ekki undir FSCS. Það mun ekki breytast við Yfirfærsluna. Þessi andmæli vörðuðu tryggingar sem höfðu áður verið færðar yfir til UKLAP í kjölfar Írsku Áætlunarinnar.

Fyrirfram gefnar niðurstöður Brexit samninga

- 5.32 Fram hafa komið 6 andmæli (þann 6. janúar 2019) við yfirfærslu trygginga áður en Brexit samningaviðræðunum er lokið.
- 5.33 Eins og fram kemur í liðum 3.2 hér að ofan eru Brexit samningaviðræðurnar enn í gangi þegar þetta er ritað en ekki vitað hvort váttryggjendur í Bretlandi muni lögformlega getað veitt þjónustu vegna trygginga sem áður voru seldar samkvæmt ESB vegabréfaréttindum eftir Brexit, þ.e. eftir 29. mars 2019. Ef aðlögunartími er samþykktur mun það gefa viðbótartíma til að laga sig að nýjum reglum. Hins vegar er ekki ljóst hve langur mögulegur aðlögunartími kanna að vera og hvort nægilegt verði að gera breskum fyrirtækjum kleift að koma á legg samfelldri þjónustu trygginga sem ekki eru frá Bretlandi. Þar af leiðir að án aðlögunartími verða tímamörkin 29. mars 2019 eða ef samþykktur er aðlögunartími þá verður lokunartíma frestað til loka þess tímabils.
- 5.34 Til að koma í veg fyrir aðstæður þar sem UKLAP gæti ekki veitt þjónustu lögformlega vegna trygginga sem seldar eru samkvæmt ESB vegabréfaréttindum, hefur UKLAP því lagt til að færa þessar tryggingar yfir til aðila þar sem þjónusta er veitt áfram þessum tryggingatökum með sama hætti og nú er, óháð niðurstöðum úr Brexit samningaviðræðunum. Af ástæðum sem eru raktar í Skýrslunni tel ég að þetta sé skynsamleg nálgun.
- 5.35 Ég tel að með tilliti til óvissunnar sem ríkir um niðurstöður Brexit samningaviðræðnanna muni Áætlunin veita vissu um hvernig þjónusta verði veitt vegna Yfirfærsluviðskiptanna eftir Brexit, eins og rakið er í Skýrslunni.

Áhyggjur af því að skipta um váttryggjanda

- 5.36 Fram hafa komið 20 andmæli (þann 6. janúar 2019) varðandi tryggingar sem færðar eru frá UKLAP. Tryggingatakar hafa áhyggjur af því að skipta um þjónustuaðila frá UKLAP sem eru með aðsetur í Bretlandi yfir til ALPI DAC sem er með aðsetur á Írlandi. Sumir tryggingatakar voru einnig með áhyggjur af öryggi trygginganna þegar búið væri að færa þær til ALPI DAC. Til þess að vera viss um að Aviva Group geti áfram lögformlega veitt þjónustu vegna Yfirfærslu trygginga eftir Brexit er nauðsynlegt að færa þessar tryggingar til váttryggjanda sem er með aðsetur innan ESB. UKLAP er þegar með dótturfyrirtæki á Írlandi með sterka sögu og lagaumgjörð, viðskiptatungumál og menning á Írlandi og í Bretlandi eru mjög lík. Þess vegna var niðurstaðan að Írland var talið besti valkosturinn.
- 5.37 Bæði UKLAP og ALPI DAC eru hluti af stærri Aviva Group og því eru þau með svipað háa staðla að því er varðar þætti eins og þjónustu við viðskiptavini, stjórnunarstaðla, gjaldþolsstig og öryggi tryggingataka. Skilmálar Yfirfærslu trygginga verða óbreyttir samkvæmt Áætluninni þannig að allar skuldbindingar samkvæmt Yfirfærslu tryggingunum sem UKLAP uppfyllir nú verða færðar til ALPI DAC, sem mun fylgja núverandi rekstrarstöðlum.
- 5.38 Einnig er gerð krafa um að bæði UKLAP og ALPI DAC fylgi Solvency II fyrirkomulaginu sem gildir í öllu ríkjum ESB og heyr þau því undir sömu reglum og kröfur. Enn fremur eru bæði UKLAP og ALPI DAC með sérstök SRA sem krefjast þess að þau haldi varasjóð umfram það sem krafist er af Solvency II.
- 5.39 Enn fremur má bæta við ofangreint að ALPI DAC er með langa sögu um sölu líftrygginga- og eftirlaunaþjónustu til tryggingataka. Raunin er að ALPI DAC þjónustar nú þegar rúmlega 160 þúsund tryggingar bæði fyrir viðskipti með og án hagnaðar og er besta mat á skuldbindingu („BEL“) rúmlega 4,5 milljarðar evra miðað við 31. desember 2017.
- 5.40 Eins og fram kemur í liðum 3.14 og 3.18, miðað við 30. júní 2018, myndu tryggingatakar færast frá fyrirtæki með SCR hlutfall 154% í fyrirtæki með SRC hlutfall 150%. Af þessu leiðir að öryggi Yfirfærslu-tryggingataka verður ekki fyrir verulegum neikvæðum áhrifum við

Yfirfærsluna. Auk þess hafa bæði UKLAP og ALPI DAC efnislega svipuð SRA þar sem þau fylgja bæði áhættustjórnunarramma Aviva Group.

- 5.41 Þrír tryggingatakar (þann 6. janúar 2019) hafa einnig nefnt kostnaðinn við yfirfærslu til annars váttryggjanda og spurt hvernig hann verði greiddur. Eins og fram kemur í kafla 6 í Skýrslunni, krefst Áætlunin þess að UKLAP og ALPI DAC greiði einkvæman kostnað og gjöld sem til verða vegna Áætlunarinnar. Hluthafar UKLAP og ALPI DAC munu bera þennan kostnað.
- 5.42 Einnig, eins og fram kom í kafla 6 í Skýrslunni, mun viðbótar viðvarandi kostnaður vegna Áætlunarinnar falla á hluthafa UKLAP og ALPI DAC. Ef aukinn viðvarandi kostnaður væri látinn falla á tryggingataka í framtíðinni, yrðu allar breytingar að hlíta viðkomandi stjórnunarháttum innan UKLAP og ALPI DAC.
- 5.43 Þrír tryggingatakar (þann 6. janúar 2019) nefndu einnig að í Yfirfærslunni felist breyting á skilmálunum í samningi þeirra. Engar breytingar hafa orðið síðan Skýrslan var rituð í tengslum við bótavæntingar og samningsbundin réttindi Yfirfærsluþrygginga vegna Yfirfærslunnar. Aðeins tryggingafélagið sem veitir trygginguna mun breytast við Yfirfærsluna.
- 5.44 Fjórir tryggingatakar (þann 6. janúar 2019) nefndu í andmælum sínum að þeir teldu að þeir ættu að hafa möguleika á því að vinda ofan af iðgjöldum sínum og fá iðgjöld sem þeir hafa áður borgað endurgreidd, með vöxtum. Eins og tekið hefur verið fram er þörfin fyrir að flytja tryggingarnar til váttryggjanda innan EES en utan Bretlands afleiðing af Brexit en ekki stefnumótunaraðgerð af hálfu UKLAP. Í þessu ljósi tel ég að það sé skynsamlegt að UKLAP heimili aðeins og tryggingar séu gefnar eftir í samræmi við venjulega tryggingaskilmála og reikni áfram eftirgjafargreiðslur tryggingataka eins og fyrr, jafnvel þótt þessi upphæð sé ekki sú sama og greidd iðgjöld að viðbættum vöxtum.
- 5.45 Fjórir tryggingatakar (þann 6. janúar 2019) vissu ekki að tryggingar þeirra voru seldar af UKLAP. Það voru aðallega belgískir tryggingatakar með tryggingar sem verktaki í Belgíu hefur umsjón með. Samkvæmt Áætluninni verður svo áfram. Tryggingarnar sjálfar munu ekki breytast en váttryggjandinn verður ALPI DAC en ekki UKLAP.
- 5.46 Ég tel að nægilega hafi verið fjallað um áhrif Yfirfærslu-tryggingataka frá UKLAP til ALPI DAC við undirbúning Skýrslunnar. Einkum er það mín skoðun, eins og fram kemur í niðurstöðum Skýrslunnar og í þessari Viðbótarskýrslu, að Yfirfærslan hafi ekki verulega neikvæð áhrif á Yfirfærslu-tryggingataka.

Óháði sérfræðingurinn

- 5.47 Fram hafa komið 3 andmæli (þann 6. janúar 2019) varðandi skipun mína sem óháður sérfræðingur. Þau varða einkum:
- óháði mitt, sérstaklega vegna þess að UKLAP greiðir kostnaðinn við skipun mína sem Óháður Sérfræðingur, og
 - fyrri reynslu mína.
- 5.48 Í köflum 1.26 til 1.30 í Skýrslunni er samantekt á hæfni minni, reynslu og óháði. Þessum upplýsingum hefur verið miðlað til PRA og skipun mín sem Óháður Sérfræðingur Áætlunarinnar var samþykkt af PRA að undangengnu samráði við FCA og með tilliti til hæfni minnar og reynslu og óháði gagnvart Áætluninni og hagsmunaaðilum hennar. Störf mín falla einnig undir eftirlit Institute and Faculty of Actuaries og mér er skylt að fara að sidareglum þess.

- 5.49 Í tengslum við atriði sem lúta að því að UKLAP greiði kostnaðinn við skipun mína er það hefðbundin aðferð fyrirtækja sem taka þátt í VII. hluta yfirfærslunnar að greiða kostnað sem til verður, þ.m.t. vegna óháðs sérfræðings.

Flutningur til fyrirtækis með aðsetur á Írlandi

- 5.50 Fram hafa komið 18 andmæli (þann 6. janúar 2019) vegna þess að Yfirfærslan er til fyrirtækis með aðsetur á Írlandi og einkum varðandi mun á lagalegu, reglugerðar- og skattafyrirkomulagi á Írlandi og í Bretlandi og fyrri þrot fyrirtækja með aðsetur á Írlandi. Yfirfærslu-tryggingatakar sem hafa hreyft slíkum andmælum hafa áhyggjur af því að skatta-, laga- og reglugerðarumhverfið á Írlandi hafi neikvæð áhrif á tryggingar þeirra.
- 5.51 Eins og fram kemur í lið 3.53 hér fyrir ofan, hefur UKLAP átt í viðræðum til skattayfirvöld á Írlandi varðandi skattlagningu Yfirfærslu-tryggingataka í framtíðinni. Þessar viðræður hafa staðfest að skattaleg staða Yfirfærslu-tryggingataka verður óbreytt vegna Áætlunarinnar. Auk þess, eins og fram kemur í lið 3.54, hefur UKLAP fengið allar heimildir og staðfestingar varðandi tryggingatakanna frá viðkomandi skattayfirvöldum í Bretlandi og á Írlandi. Á heildina litið er það mín skoðun að skattaleg áhrif Yfirfærslunnar eru líklega engin í heild, nema hvað varðar áhrif á skattlagningu ávöxtunar fjárfestinga sem lýst er í lið 4.51 hér að ofan, sem ég tel vera óhjákvæmilega afleiðingu Yfirfærslunnar og hefur ekkert vægi hvað viðri varðar.
- 5.52 Í lið 3 í Skýrslunni kemur fram yfirlit reglurammans sem eru í gildi á Írlandi og í Bretlandi. Þrátt fyrir að það sé óhjákvæmilega einhver munur á írska og breska lagakerfinu eru þau lík að mörgu leyti (bæði landssvæðin fylgja til dæmis sama fyrirkomulagi um gjaldfærni (Solvency II)). Viðskiptatungumál og menning á Írlandi og í Bretlandi eru einnig keimlík og UKLAP er nú þegar með dótturfyrirtæki með sterka sögu á Írlandi. Þess vegna var niðurstaðan að Írland var talið betri valkostur. Auk þess er meirihluti Yfirfærslu-trygginga Írskir Tryggingatakar og UKLAP er nú þegar með írskt dótturfyrirtæki með hagnaðarviðskipti.
- 5.53 Fyrirtæki með aðsetur á Írlandi, þ.m.t. váttryggingendur hafa áður orðið gjaldþrota. Hins vegar mun ALPI DAC starfa samkvæmt Solvency II fyrirkomulaginu sem tilgreinir nauðsynlegt fjármagn sem þarf að viðhalda og einnig rekstrarstaðla og stjórnunarferli sem váttryggingandi skal fylgja. Þessu fyrirkomulagi var komið á 1. janúar 2016 og byggir á því að váttryggingendur meti áhættu sína og viðhaldi fjármagni til þess að geta staðist þessa áhættu.
- 5.54 Ég tel að nægilega hafi verið fjallað um áhrif á Yfirfærslu-tryggingataka vegna mögulegra breytinga að því er varðar skatta og lögsögu við undirbúning Skýrslunnar. Einkum er það mín skoðun, eins og fram kemur í niðurstöðum Skýrslunnar og í þessari Viðbótarskýrslu, að Yfirfærslan hafi ekki verulega neikvæð áhrif á Yfirfærslu-tryggingataka hvað þetta varðar.

Yfirfærslan ætti ekki að vera fullgild án samþykkis tryggingataka

- 5.55 Fram hafa komið 4 andmæli (þann 6. janúar 2019) varðandi frágang Yfirfærslunnar án samþykkis einstakra tryggingataka. VII. hluti Yfirfærsluferlisins krefst ekki samþykkis tryggingataka þar sem Dómstóllinn tekur afstöðu til hagsmuna tryggingataka í heild við ákvörðunartöku sína.
- 5.56 Yfirfærslan er háð samþykkt Dómstólsins við Staðfestingarþinghaldið (Sanctions Hearing). Við ákvörðun sína um hvort Yfirfærslan skuli samþykkt eða ekki tekur Dómstóllinn tillit til áhrifa Yfirfærslunnar á tryggingataka. Öll andmæli sem UKLAP og ALPI FAC hafa móttengið verða send til Dómstólsins og tryggingatökum verður einnig kleift að koma með staðhæfingar um andmæli sín i eigin persónu við Dómstólinn. Til að komast að niðurstöðu mun Dómstóllinn taka tillit til andmæla tryggingataka og annarra upplýsinga sem hann hefur fengið frá UKLAP, ALPI DAC, PRA og FCA, mér sem Óháðum Sérfræðingi og sérhverjum hagsmunaaðila.

Skilja ekki Yfirfærsluna

- 5.57 Fram hafa komið 4 andmæli (þann 6. janúar 2019) varðandi Tryggingataka sem ekki skilja Yfirfærsluna. Tryggingatakar skildu ekki hvað felst í Yfirfærslunni og gátu ekki greitt fyrir óháða fjármálaráðgjöf.
- 5.58 Ég hef ritað þessa Skýrslu með það í hyggju að tryggingatakar skilji afleiðingar Yfirfærslunnar á tryggingar þeirra. Einnig er að finna samantekt í Skýrslunni á vefsetri Yfirfærslunnar, sem hefur verið þýdd á tungumál sem UKLAP notar yfirlitt til að eiga samskipti við viðkomandi tryggingataka. Þeim frásögnum er ætlað að gefa yfirlit um Yfirfærsluna, meðal annars ástæður hennar, ferlin sem í henni felast og áhrif Yfirfærslunnar á mismunandi hópa tryggingataka. Þessi Viðbótarskýrsla hefur einnig að geyma samantekt um Yfirfærsluna og uppfærslu upplýsinga sem notaðar er í Skýrslunni. Tryggingatakar geta einnig hringt í símaver sem getur útskýrt Yfirfærsluna fyrir tryggingatökum.

Orðalag í skýrslu Óháða Sérfræðingsins

- 5.59 Fram hafa komið 7 andmæli (þann 6. janúar 2019) varðandi orðalagið sem er notað í Skýrslunni. Tryggingatakar eru ekki sannfærðir um orðalagið sem notað er til að tjá álit Óháða Sérfræðingsins. Orðatiltæki eins og verulega neikvæð (materially adverse) og ekki mikið minni (not substantially weaker) skiljast ekki vel.
- 5.60 Þetta er staðlað orðalag sem er algengt að Óháðir Sérfræðingar noti í Skýrslum sínum. Sem Óháður Sérfræðingur takmarkast vinna mín við þær upplýsingar sem mér eru afhentar og ég get eingöngu tjáð álit mitt á grundvelli þeirra upplýsinga. Þess er krafist að ég taka tillit til þátta sem gætu haft veruleg áhrif á mismunandi tryggingataka (mismunandi hópa tryggingataka og endurvátryggjenda) sem eru aðilar að Yfirfærslunni. Það er óhjákvæmileg að sérhver færsla hafi bæði kosti og galla. Markmið mitt er að rannsaka hvort þessi Yfirfærsla muni hafa óhagstæðar afleiðingar fyrir einhverja þeirra hópa tryggingataka eða endurvátryggjendur sem eru aðilar að Yfirfærslunni. Mat á atburðum í framtíðinni er háð mörgum forsendum sem ekki er hægt að spá fyrir um með 100% nákvæmni. Þess vegna hef ég metið skynsemi þessara forsenda, þar sem ég hef stuðst við upplýsingar um framtíðina, og skoðað hvort hagsmunaaðilar verði fyrir neikvæðum áhrifum eða ekki og hvort þessi áhrif geti verið veruleg.
- 5.61 Hugtakið „ekki mikið minna“ hefur verið notað í Skýrslunni til að bera ALPI DAC saman við UKLAP vegna þess að þrátt fyrir að því sé spáð að það verði með lægra SCR hlutfall en UKLAP, er það ekki mikið minna. Eins og fram kemur í lið 3.18 ef Yfirfærslan hefði farið fram 30. júní 2018, hefði SCR hlutfall verið 150% hjá ALPI DAC samanborið við SCR hlutfall 154% hjá UKLAP (skv. lið 3.14) þann 30. júní 2018 (án Yfirfærslunnar).

Árangur tryggingarinnar mun versna

- 5.62 Fram hafa komið 4 andmæli (þann 6. janúar 2019) varðandi versnandi árangur trygginga. Tryggingatakar hafa áhyggjur af því að árangur trygginga þeirra verði fyrir neikvæðum áhrifum af Yfirfærslunni.
- 5.63 Sjóðirnir sem einingatengdu og Yfirfærsluþryggingarnar með hagnaði eru fjárfestar í munu ekki breytast við Yfirfærsluna. Auk þess verða rekstur og stjórnun þessara sjóða ekki heldur fyrir áhrifum af Yfirfærslunni. Að því er varðar einingatengd Írsk Viðskipti mun Áætlunin breyta því hvernig ágóði fjárfestinga einingasjóðsins er skattlagður, eins og fram kemur í lið 4.51, hins vegar er það álit mitt að það sé óhjákvæmileg afleiðing Áætlunarinnar og ekki mikilvæg hvað varðar virði.
- 5.64 Rekstur og stjórnun núverandi ALPI DAC sjóða og UKLAP sjóða, einkum þeirra sem eru ekki með Yfirfærsluþryggingar, munu heldur ekki breytast við Yfirfærsluna. Þar af leiðandi mun árangur þessara sjóða ekki breytast við Yfirfærsluna.

- 5.65 Ég tel að árangur sjóðanna sem fjárfest er í verði ekki fyrir áhrifum af Yfirfærslunni og hef því komist að þeirri niðurstöðu að Yfirfærslu-tryggingatakar sem eru einingatengdir eða með hagnaði verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum af Yfirfærslunni þegar kemur að árangri trygginga þeirra.

Flutningur gagna

- 5.66 Fram hafa komið 2 andmæli (þann 6. janúar 2019) varðandi flutning gagna til annars þjónustuveitanda. Tryggingatakar hafa áhyggjur af því að gögn þeirra eru flutt yfir til annars vátryggjanda.
- 5.67 Mér skilst að samkvæmt FSMA og síðari löggjöf í kjölfar almennrar reglugerðar um vernd persónuupplýsinga er heimilt að flytja persónuupplýsingar frá UKLAP til ALPI DAC án samþykkis tryggingataka og að samkvæmt Áætluninni mun ALPI DAC yfirtaka réttindi og skyldur UKLAP að því er varðar persónuupplýsingar Tryggingataka. Þannig verða tryggingatakar ekki fyrir neinum efnislegum áhrifum af flutningigagna þeirra yfir til ALPI DAC.
- 5.68 Ég tel að flutningur gagna tryggingataka vegna Yfirfærslunnar muni ekki hafa neikvæð áhrif á Yfirfærslu-tryggingataka. Því verða Yfirfærslu-tryggingatakar ekki fyrir neikvæðum áhrifum af Yfirfærslunni þegar kemur að flutningi gagna þeirra.

Enginn rökstuðningur tilgreindur

- 5.69 Fram hafa komið 10 andmæli (þann 6. janúar 2019) þar sem tryggingatakar hafa andmælt Yfirfærslunni án þess að tilgreina ástæðu og grundvöll óánægju sinnar vegna áformaðrar Áætlunar.
- 5.70 Ég er áfram þeirrar skoðunar að fullvissa um hvernig þjónusta við yfirfærð viðskipti verður eftir Brexit er afar mikilvæg og sagt hefur verið að Yfirfærslan veiti þessa fullvissu.

Samskipti við eftirlitsyfirvöld EES

- 5.71 Mér er kunnugt um að PRA hafi tilkynnt eftirlitsyfirvöldum (þ.m.t. CBI) í öllum aðildarríkjum EES um Yfirfærsluna til að leita eftir ráðgjöf eftirlitsyfirvalda EES. Þegar þessi Viðbótarskýrsla er rituð er mér ekki kunnugt um nein andmæli frá eftirlitsyfirvöldum.

Niðurstaða

- 5.72 Ég staðfesti að þegar þessi Viðbótarskýrsla er rituð hafa tryggingatakar ekki gert neinn ágreining sem ég hef ekki tekið tillit til við vinnu í aðdraganda Skýrslunnar og því tel ég að engin ástæða sé til að breyta niðurstöðum Skýrslunnar.

6 Samantekt á niðurstöðum

- 6.1 Ég staðfesti að almennt er ég sannfærður um að Yfirfærslan hafi ekki verulega neikvæð áhrif á Yfirfærslu-tryggingataka, Eftirstandandi Tryggingataka UKLAP og Eftirstandandi Tryggingataka ALPI DAC sem fyrir eru. Þar að auki tel ég að Yfirfærslan hafi ekki veruleg neikvæð áhrif á endurtryggjendur Yfirfærslu-trygginganna.

Tim Roff FIA
Meðeigandi
Grant Thornton UK LLP

miðvikudagur, 30. janúar 2019 12:26:06

A Upplýsingar og skjöl sem farið var yfir og byggt á

Í eftirfarandi töflu koma fram helstu skjöl til viðbótar sem ég hef byggt á við gerð þessarar Viðbótarskýrslu. Sumt af þessum upplýsingum eru trúnaðarmál innan fyrirtækis og ekki aðgengileg öllum. Auk skjalann á listanum hef ég einnig byggt á samskiptum (bæði munnlega og rafrænt) við yfirstjórn og starfsfólk UKLAP.

Skjal	Heimild
HY18 Brexit Part VII IE Meeting V1.0.pptx	UKLAP Chief Finance Actuary
ALPI DAC 2018 ORSA	ALPI DAC Chief Risk Officer
UKLAP 2018 Recovery Plan	DAC Chief Risk Officer
HY18 Brexit Part VII Transfer Impact draft i.e. V1.1_14Nov2018	UKLAP Chief Finance Actuary
02Nov2018HY18 Brexit Part VII BalShtImpacts for IE_14Nov2018_ Consistent with v1.1 commentary	UKLAP Chief Finance Actuary
IE Report Data Tables – HY18v0.3 HC	UKLAP Chief Finance Actuary
Brexit MI Reporting_LIFE_Version 1 - Week 11 - 31.12.2018.xlsx ⁵	Senior Customer Response Project Manager
UKLAP to ALPI DAC – Objectors – Life_v4	Senior Customer Response Project Manager
Supplementary UKLAP CFA Report	UKLAP Chief Finance Actuary
Supplementary UKLAP WPA Report	UKLAP With-Profits Actuary
Supplementary ALPI DAC HoAF Report	ALPI DAC HoAF
Yfirlýsingar vitna Maeve Ann Sherry og Jason Michael Windsor	Slaughter & May

Ég hef gátað hvort ofangreindar upplýsingar hafi verið endurskoðaðar eða lagðar fram af viðurkenndum einstaklingi eða einstaklingi sem er fyllilega hæfur til að veita slíkar upplýsingar og ég tel að það sé réttmætt af mér að treysta á þessar upplýsingar.

⁵ Þetta er heiti nýjasta MI töflureiknisins frá 7. Janúar 2019. Þótt heiti töflureiknisins vísi til 31.12.2018 inniheldur hann öll andmæli fram til loka viðskipta þann 6. janúar 2019.

B Orðalisti

Hugtak	Skilgreining
ALPI DAC	Aviva Life & Pensions Ireland Designated Activity Company, FFLAC á að fá nýja vörumerkisheitið Aviva Life & Pensions Ireland Designated Activity Company á gildistímanum.
ALSIL	Aviva Life Services Ireland Limited.
Eign	Almennt, sérhver eignarhluti hvort sem er efnislegur eða óefnislegur, sem er með fjárhagslegt eða peningalegt virði.
Aviva Group	Sá hópur fyrirtækja sem UKLAP og ALPI DAC eru hluti af.
BEL	Besta mat skuldbindinga samkvæmt Solvency II.
Belgian SF	UKLAP sjóður með OLAB tryggingum.
Besta frá Báðum	Nálgun við ákvörðunartöku þar sem heildarreynsla viðskiptavina sem ALSIL leggur til og ALPI DAC vinnur úr er borin saman og sú besta valin. Best af Báðu nálgunin verður notuð til að skilgreina aðferð fyrir fólk, kerfi og ferli.
Stjórn	Stjórn félags.
Brexit	Hugtakið sem notað er um útgöngu Bretlands úr ESB í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslunnar sem fram 23. júní 2016.
Brexit Endurtrygging	Það fyrirkomulag endurtryggingar sem komið er á með Áætluninni á milli UKLAP og ALPI DAC og tekur til OLAB trygginga.
Eiginfjárkröfur	Þeir fjármunir sem váttrygginga- eða endurtryggingafélag verður að eiga.
CBI	Seðlabanki Írlands
Veðréttur (Charge)	Breytilegur veðréttur yfir öllum eignum UKLPA sem ALPI DAC er fært í tengslum við Brexit endurtrygginguna.
COBS	Handbók viðskiptahátta
Dómstóll	Hæstiréttur Englands og Wales.
Leiðbeiningaúrskurður	Úrskurður Leiðbeiningardómþingsins.
EES	Evrópska efnahagssvæðið.
Gildistími	Sá tími þegar Áætlunin verður lagalega bindandi, fyrirhugað er að Áætlunin taki gildi klukkan 22:59 GMT þann 29. mars 2019.
ESB	Evrópusambandið.
ESB vegabréfaréttindi	Sameiginlegt heiti fyrir Staðfesturétt og Þjónustufrelsi.
Núverandi Viðskipti	Viðskipti ALPI DAC fyrir Yfirfærsluna.
Núverandi Tryggingar	Tryggingar ALPI DAC fyrir Yfirfærsluna.
Núverandi Tryggingatakar	Tryggingatakar með tryggingar hjá ALPI DAC fyrir Yfirfærsluna.
FCA	Breska fjármálaeftirlitið.
FFLAC	Friends First Life Assurance Company DAC.
FLAS WPSF	UKLAP sjóður með OLAB tryggingum.
FOS	Þjónusta Fjármálaumboðsmanns (Financial Ombudsman Service). Sjálfstæð stofnun sem fjalla á um einstakar kvartanir sem neytendur og fjármálafyrirtæki geta ekki leyst sjálf.
FP WPSF	UKLAP sjóður með OLAB tryggingum.
FRC	Reikningsskilaráð (Financial Reporting Council).
Staðfesturéttur	Réttur váttryggjanda sem staðsettur er í einu aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) til að taka á sig áhættu sem er í öðru aðildarríki á EES svæðinu með því að stofna til fastrar viðveru í því EES ríki. Sú fasta viðvera getur verið útibú á staðnum, umboð eða dótturfyrirtæki. Viðskipti með

	Staðfesturétti fela í sér að tryggja með fullri heimild til bindingar þar sem tryggingatakin og áhættan eru staðsett í sama EES ríki utan Bretlands.
Þjónustufrelsi	Rétturinn til að veita viðskiptaþjónustu þvert á landamæri innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Að því er váttryggingasamninga varðar þýðir þetta að gera má samninginn í EES ríki öðru en því aðildarríki þar sem áhættuna er að finna. Viðskipti í Þjónustufrelsi fela í sér viðskipti á opnum markaði gerð frá Bretlandi (með eða án þátttöku milliliðar á staðnum), viðskipti gerð með fullri heimild til bindingar þar sem tryggingatakin er í öðru aðildarríki en því þar sem áhættan er staðsett og viðskipti sem gerð eru samkvæmt samningi sem krefst undanfarandi heimildar til bindandi framlagningar. (Fyrirfram innsendur bindandi leyfissamningur á við um þegar tryggingatakin hefur ekki leyfi til að ganga til tryggingasamnings án þess að ráðfæra sig fyrst við samtökin sem gáfu bindandi leyfið).
FSCS	Endurgreiðsluáætlun Fjármálaþjónustu (Financial Services Compensation Scheme. FSCS er lögboðinn „þrautavarasjóður“ sem greiðir bætur komi til ógjaldfærni fyrirtækis í fjármálaþjónustu sem starfar með leyfi PRA eða FCA. Tryggingavernd er veitt tryggingatökum sem eru einstaklingar og lítil fyrirtæki (með ársveltu minni en £1.000.000) í tilvikum þar sem váttryggjandi getur ekki staðið við skuldbindingar sínar að fullu. Fyrir langtíma tryggingar greiðir FSCS 100% sérhverrar tækrar kröfu. FSCS er fjármagnað með álögum á fyrirtæki með heimild PRA og FCA.
FSMA	Lög um fjármálaþjónustu og markaði 2000 (með síðari breytingum) (Financial Services and Markets Act 2000 (as amended)).
FSPO	Umboðsmaður fjármálaþjónustu og eftirlauna (Financial Services and Pensions Ombudsman). Sjálfstæð stofnun á Írlandi sem fjallar um óleystar kvartanir frá neytendum um einstök samskipti þeirra við fjármálaþjónustuveitendur.
Grant Thornton	Grant Thornton UK LLP.
HoAF	Yfirmaður tryggingafræðilegrar starfsemi (HoAF).
Óháður sérfræðingur	Í þessu tilviki Tim Roff, sem UKLAP tilnefndi til að útbúa Skýrsluna.
Írsku Útibúið	Það útibú UKLAP sem það seldi viðskipti á grundvelli Staðfesturéttar samkvæmt Írsku Áætluninni.
Írsk Viðskipti	Öll viðskipti yfirfærð frá Aviva Life & Pensions Ireland Ltd samkvæmt Írsku Áætluninni og öll viðskipti gerð í Írsku Útibúinu UKLAP (þar með talið líftryggingaviðskipti CGNU gerð á Írlandi).
Írsku Áætlunin	Yfirfærsla langtíma skuldbindinga Aviva Life & Pensions Ireland Ltd til Aviva Life & Pensions UK Ltd.
Skuld	Krafa á eignirnar, eða lagaleg skuldbinding einstaklings eða stofnunar, sem til er orðin vegna fyrri eða núverandi viðskipta eða gjörða.
Mikilvæg neikvæð áhrif	Neikvæð breyting sem talin er hafa mikilvæg áhrif á tryggingataka. Mikilvæg áhrif eru þau sem gætu valdið því að tryggingataka liti öðrum augum á notin af tryggingu hans í framtíðinni. Þegar litið er til öryggis tryggingataka myndi slíkt fela í sér breytingar á eignum og skuldbindingum fyrirtækisins

	þannig að það væru breyttar líkur á því að krafa tryggingataka sem greidd yrði væri verulega hærri en það sem sjá mætti af daglegum sveiflum á virði eigna í fjárfestingasafni fyrirtækisins, eða þegar tilkynnt er um sérstaklega háa en ekki óhóflega kröfu á eignir fyrirtækisins. Þegar kemur af áhrifum sem ekki eru fjárhagsleg, er mat á mikilvægi huglægra, en til dæmis er breyting á meðhöndlun krafna sem bætir nokkrum klukkutímum við viðbragðstíma viðskiptavinar ekki mikilvæg, en ef breytingin bætti við nokkrum dögum gæti svo verið allt eftir tegund kröfu.
New WPSF	UKLAP sjóður með OLAB tryggingum.
Undirsjóð án hagnaðar	UKLAP sjóður með OLAB tryggingum.
NPSF	Sjá undirsjóð án hagnaðar.
OLAB	Vátryggingaviðskipti handan hafsins sem gerð eru í Frakklandi, Belgíu, Þýskalandi, á Íslandi og í Svíþjóð og CGNU Life viðskipti sem gerð eru á Írlandi.
OLAB-tryggingatakar	Tryggingatakar sem falla undir Brexit Endurtrygginguna.
Old WPSF	UKLAP sjóður með OLAB tryggingum.
Úrskurður	Úrskurður Dómstólsins um að heimila Áætlunina.
ORSA	Eigið áhættu- og gjaldþolsmat (Own Risk and Solvency Assessment), verkfæri til áhættustýringar til að meta heildar gjaldþolsþörf fyrirtækisins þar sem tekið er tillit til eigin mats fyrirtækisins á eigin áhættulýsingu.
Eigin sjóðir	Eignir vátryggjanda umfram það sem leyft er umfram skuldbindingar hans samkvæmt Solvency II.
Yfirfærsla skv. VII. hluta	Það heiti sem gefið er því lagalega ferli að yfirfæra öll eða hluta tryggingaviðskipta til annarrar stofnunar.
PPFM	Meginreglur og starfsvenjur við fjármálastjórnun (Principles and Practices of Financial Management). Við stjórnun fyrirtækja með viðskipti með hagnaði er treyst á þagmælsku þeirra. PPFM útskýrir eðli og umfang þagmælsku í boði og hvernig þeirri þagmælsku verður beitt fyrir mismunandi hópa og kynslóðir tryggingataka með hagnaði.
PRA	Prudential Regulation Authority (Stofnun varúðarreglna).
Meginreglur og starfsvenjur við fjármálastjórnun	Sjá PPFM.
Endurtrygging	Fyrirkomulag með öðrum vátryggjanda eða endurtryggjanda þar sem áhættu er deilt (eða flutt áfram) til endurtryggjandans.
Eftirstandandi Viðskipti	Þau viðskipti sem eru eftir hjá Aviva Life & Pensions UK Ltd eftir Yfirfærsluna.
Eftirstandandi Tryggingar	Þær tryggingar sem eru eftir hjá Aviva Life & Pensions UK Ltd eftir Yfirfærsluna.
Eftirstandandi Tryggingatakar	Þeir tryggingatakar sem eru eftir hjá Aviva Life & Pensions UK Ltd eftir Yfirfærsluna.
Skýrsla	Skýrsla Óháða Sérfræðingsins
Skýrslur	Skýrslan og allar Viðbótarskýrslur saman.
Lokaferli	Tegund tryggingaviðskipta eða tryggingafyrirtækis sem tekur ekki lengur við nýjum viðskiptum en heldur áfram að veita tryggingavernd fyrir kröfur sem til falla vegna trygginga þeirra sem enn eru í gildi og sem greiðir kröfur sem orðið hafa á tryggingar sem eru útrunnar.
Áætlun	Yfirfærsla tryggingaviðskipta frá Aviva Life & Pensions UK Ltd og Friends First Life Assurance Company DAC.

SCR	Krafa um gjaldþolsfjármagn (Solvency Capital Requirement). Krafa um fjármagn samkvæmt Solvency II fyrirkomulaginu.
SCR hlutfall	Hlutfall eigin fjár og SCR.
SGF	UKLAP sjóður sem er ekki með neina Yfirfærslu-tryggingataka.
Viðbótarsamningur (Side Letter)	Lagalega bindandi listi tiltekinna stjórnunar- og umsýsluskylda sem krafist er að UKLAP sinni í tengslum við OLAB, og tekið er upp í Brexit Endurtrygginguna.
Gjaldþolsvottorð	Staðfestir að váttryggjandi er með nægilegt svigrúm gjaldþols og hvort eftirlitsaðilinn sem gefur vottorðið samþykki Hluta VII yfirfærsluna. Það er skylda samkvæmt reglum FSMA.
Solvency II	Nýtt reglakerfi fyrir váttryggjendur sem tók gildi 1. janúar 2016 og ætlað er að samræma reglusetningu um öll ESB og EES lönd.
SRA	Gjaldþolsáhættuvilji (Solvency Risk Appetite), það hvernig Aviva Group vísar til eiginfjárstefnu sinnar.
Dótturfélag	Fyrirtæki undir yfirráðum annars (kallað móðurfélag) með eignarhald sem er meira en 50% af hlutabréfum með atkvæðisrétti.
Samantektarskýrsla	Samantekt úr Skýrslunni sem verður send Yfirfærslu-tryggingatökum og Núverandi Tryggingatökum (nema þeim sem eru með undanþágu).
SUP 18	18. kafli í Eftirlitshandbók (Supervision Manual) í Handabók FCA um reglur og leiðbeiningar (Handbook of Rules and Guidance).
Váttryggingaskuld	Váttryggingaskuldbindingar váttryggjanda eins og þær eru ákveðnar í eftirlitsskyni. Þær eru reiknaðar sem framlög fyrir endanlegum kostnaði við að gera upp allar kröfur sem berast vegna atvika sem hafa átt sér stað allt að dagsetningu efnahagsreikningsins. að meðtöldum framlögum fyrir kröfur sem hafa átt sér stað en ekki verið tilkynntar, að frádregnu öllu því sem greitt hefur verið varðandi þær kröfur; auk framlaga vegna krafna sem koma til á áhættutímabilum sem ekki eru liðin að frádregnum öllum iðgjöldum vegna tryggingaviðskipta sem ekki hafa borist enn.
TMTF	Bráðabirgðaráðstafanir fyrir tæknilegar tryggingaskuldir (Transitional measures on technical provisions). Í einföldu máli er þetta reiknað sem mismunurinn á váttryggingaskuldinni sem reiknuð er samkvæmt fyrra reglakerfi (Solvency I) og Solvency II váttryggingaskuldinni, og minnkar línulega á 16 ára tímabili.
Yfirfærsla	Áætlunin ásamt Brexit endurtryggingunni og veðinu.
Stjórnendateymi Yfirfærslu	Teymi sem er sett saman sérstaklega fyrir Yfirfærsluna með sérfræðingum sem þjálfaðir eru í þeim tilgangi. Allar fyrirspurnir sem ekki fást svör við úr skrá grundvallarspurninga og -svara verður að senda til þessa miðlæga teymis.
Yfirfærsluviðskipti	Viðskipti hjá Aviva Life & Pensions UK Ltd sem verða færð yfir til Friends First Life Assurance Company DAC vegna Áætlunarinnar.
Yfirfærsluþryggingar	Tryggingar Aviva Life & Pensions UK Ltd sem verða færðar yfir til Friends First Life Assurance Company DAC vegna Áætlunarinnar.
Yfirfærsluþryggingatakar	Tryggingatakar hjá Aviva Life & Pensions UK Ltd sem verða fyrir því að tryggingar þeirra verða færðar yfir til Friends First Life Assurance Company DAC vegna Áætlunarinnar.
UK	Bretland.

UKLAP	Aviva Life & Pensions UK Ltd.
VA	Leiðrétting vegna flökts (Volatility adjustment). Þetta er leiðrétting á áhættulausum vöxtum sem notaðir eru til að veita afslátt af tryggingaskuldbindingum, sett í samræmi við Solvency II tilskipanirnar á grundvelli tæknilegra upplýsinga sem EIOPA birtir.
WPC	Nefnd UKLAP fyrir viðskipti með hagnaði (With-profits Committee).